FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

140. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — FÖSTUDAGUR 16. JÚNÍ 2017



**Stuð á fyrsta degi Secret Solstice** Margir lögðu leið sína í Laugardalinn til að fara á tónlistarhátíðina Secret Solstice, en fyrsti dagur hátíðarinnar var í gær. Veðrið var milt eða í kringum tólf gráður og nutu gestir því að hlusta á tónleika úti. Áætlað er að um 20 þúsund manns sæki hátíðina sem nú er haldin í fjórða sinn. Gestir eru bæði innlendir og erlendir. Á meðal þeirra sem komu fram í gær voru SSSól og Þórunn Antonía. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Þórir Stephensen skrifar um málfar. 16

**SPORT** Ótrúlegir fimm dagar Anitu. 18

**MENNING** Flugþrá og Farangur úr fortíðinni á Ólafsfirði. 28

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **FYRSTA HEIMILIÐ**

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Hafþór kærður til lögreglu

**LÖGREGLUMÁL** Búið er að leggja inn kæru til lögreglu á hendur aflraunamanninum Hafþóri Júlíusi Björnssyni. Á meðal þess sem fram kom í skýrslutöku hjá lögreglu voru lýsingar af atviki frá fimmtudeginum 8. júní síðastliðnum, sem Fréttablaðið greindi frá á laugardag, þar sem Hafþór hljóp á eftir konu og reif í hana eftir að hún hafði stokkið út um glugga á heimili hans. Hafþór staðfesti þá frásögn í samtali við Fréttablaðið í síðustu viku.

Þrjár konur sem Fréttablaðið hefur rætt við bera honum sögu um ofbeldi, bæði andlegt og líkamlegt. – snæ/ sjá síðu 4



Hafþór Júlíus Björnsson

# Ferðamönnum fækkar mikið á Vestfjörðum

**Þrír hótelstjórar á Vestfjörðum eru uggandi yfir stöðunni og segja að gestir séu allt að 30 prósentum færri en í fyrra. Skandinavíubúar eru horfnir og ferðamenn kaupa sér ekki lengur mat á veitingastöðum og í sjoppum.**

**SAMFÉLAG** „Mér finnst Skandinavía vera horfin. Það var mjög vel bókað í kringum áramótin en þegar hamborgarinn er kominn í um 25 evrur þá sér maður nánast bókanir hverfa af bókunarsíðunum. Þetta er í kringum 35-40 prósenta fækkun á gestum,“ segir Árni Sigurpálsson, hótelstjóri á hinu sögufræga Hótel Bjarkalundi.

Júnímánuður hefur farið illa af stað fyrir ferðaþjónustufyrirtæki á Vestfjörðum og er mikið um afbókanir. Munurinn á júní á milli ára er mikill. Hrannar Pétursson sem á sæti í stjórn Íslandsstofu, benti á þetta í þætti á Hringbraut. Birna Mjöll Atladóttir, hótelstjóri á Hótel Breiðavík, tekur undir að gestum hafi fækkað sem og Soffía Haraldsdóttir, eigandi Hótels Flókalundar. „Ég held að þetta sé gengið, lengi vel hélt ég að þetta væri vegna Baldurs og vildi trúa því en það getur ekki útskýrt allt. Júní hefur verið mjög dapur en það glæðist nú eftir helgi,“ segir Birna en hún er með þremur færri stöðugildi í ár en á sama tíma í fyrra. Árni hefur þegar sagt upp fólki. „Það er ekkert að gera. Ég hef talað við marga víða um land og það er sama sagan.

Það hefur alveg komið upp í kollinn að skella bara í lás. Ef þetta lagast ekki þá er enginn rekstrargrundvöllur. Þá á maður ekki fyrir mánaðarlaunum,“ segir Árni sem tók við rekstrinum á hótelinu árið 2005.

„Vorið er búið að vera kalt en þetta er áhyggjuefni því gengið er svo koruglað. Ég tengi þessa fækkun bara gengninu,“ segir hann.

Soffía Haraldsdóttir hjá Hótel Flókalundi bendir á að fólk sem hafi bókað í gegnum bókunarvefi sé duglegast að afbóka. „Ísskápsseglar sem kosta eina evru í Evrópu kosta 15-20 evrur hér. Útlendingar skila honum bara aftur þegar þeir sjá verðið.“

Hún segir að umferðin sé mikil en fólk ferðist saman og sé með innkaupapokana úr Bónus. „Það kemur ekki inn nema til að kaupa sér kaffibolla. Það er mikið af húsbílum núna á vegunum. Þegar maður bankar á gluggann þá fara þau bara burt.

Ég held að við séum með fullt af fólki sem er komið til landsins sem er ekki til í að borga neitt fyrir það.“ – bb



## Veður




Suðaustlæg átt, víða 3-10 í dag. Rigning eða skúrir, einkum sunnan til og hiti 8 til 18 stig, hlýjast um landið norðanvert. SJÁ SÍÐU 24



**Sex voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald í síðustu viku.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Bræðrunum sleppt úr haldi

**LÖGREGLUMÁL** Fjórum sakborningum af sex, sem handteknir voru grunaðir um aðild að manndrápinu í Mosfellsdal í síðustu viku, var sleppt úr haldi lögreglu skömmu eftir hádegi í gær. Þetta staðfestir Grímur Grímsson, yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Sex voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald vegna gruns um að hafa orðið Arnari Jónssyni Aspar að bana í Mosfellsdal í síðustu viku, fimm karlar og ein kona. Karlmennirnir voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald til 23. júní en konan til 16. júní. Þremur karlmannanna og konunni var sleppt í gær eftir yfirheyrslur.

Staðfest er að Jón Trausti Lúthersson og Sveinn Gestur Tryggvason eru enn í haldi lögreglu vegna málsins. Þá voru bræðurnir Rafal og Marcin Nabakowski á meðal þeirra er sleppt var úr haldi í dag.

Í samtali við Vísi segir Grímur Grímsson yfirlögregluþjónn, sem fer með rannsókn málsins, að málið sé upplýst að því marki að ekki sé lengur ástæða til að halda sakborningunum fjórum, sem sleppt var í gær, í gæsluvarðhaldi. Grímur segir augljóst að aðild fjórmenninganna hafi verið minni en hinna tveggja. **– kó**

# Akraborgin siglir á ný




**Flóasiglingar á milli Akraneskaupstaðar og Reykjavíkur hófust á ný í gærkvöldi, á vegum Sæfara, eftir 19 ára hlé. Akraborgin fór jómfrúarsiglinguna um sjöleytið og var margmenni um borð en ferðin tekur einungis 25 mínútur. Um sex mánaða tilraunaverkefni er að ræða og verður siglt þrisvar á dag á milli staða. Siglingum var hætt á milli Akraness og Reykjavíkur árið 1998 með tilkomu Hvalfjarðarganganna. Fram að því hafði Akraborgin, eins og síðasti flóabáturinn var kallaður, siglt með farþega á milli bæjarfélaganna við miklar vinsældir.** MYND/AÐSEND

# Sækja um leyfi til hreinsunar

**UMHVERFISMÁL** Orka náttúrunnar hyggst sækja um leyfi til þess að hreinsa aur á nokkrum stöðum í Andakílsá. Sérfræðingar Hafrannsóknastofnunar segja að áin hafi náð að hreinsa sig nokkuð án aðgerða, en enn sé þó verulegt set á nokkrum veiðistöðum.

Eins og kunnugt er fór mikið af seti úr inntakslóni Andakílsárvirkjunar niður í farveg árinnar upp úr miðjum maí. Í kjölfarið skipaði Orka náttúrunnar verkefnahóp sem hefur á undanförnum vikum og dögum gert mælingar í ánni og metið hvort og til hvaða aðgerða eigi að grípa til þess að takmarka áhrif aurburðarins á lífríki árinnar.

Um og upp úr næstu mánaðamótum er von á stærstu laxagöngum sumarsins, en sérfræðingar Hafrannsóknastofnunar telja ekki ráðlegt að ráðast í aðgerðir í ánni eftir þann tíma. **– kij**

# Allt breyst á Íslandi eftir 36 ár í löggunni

**Kristjáni Þorbjörnssyni yfirlögregluþjóni var án aðdraganda sagt upp störfum nýverið vegna skipulagsbreytinga. Uppsögnin þýðir mikinn réttindamissi því stutt er í starfslok. Kristján drepur tímann við áhugamálin á meðan málin skýrast.**

**KJARAMÁL** Tæplega 1.200 undirskriftum var í gær skilað til dómsmálaráðuneytisins þar sem brottvikningu Kristjáns Þorbjörnssonar, yfirlögregluþjóns á Blönduósi, er mótmælt. Kristján verður 63 ára á árinu en honum var sagt upp eftir 36 ára starf í lögreglunni vegna skipulagsbreytinga. Lögreglumönnum ber skylda til að fara á eftirlaun 65 ára.

„Ég hef talað við stéttarfélagið sem segir að þetta gæti þýtt 16 prósenta skerðingu á eftirlaunum. Það gæti þýtt svona 70-80 þúsund krónur á mánuði. Ef ég lifi í svona 25 til 30 ár eftir 65 ára aldurinn þá eru það eitthvað um 25 til 30 milljónir,“ segir Kristján.

Vegna skyldu lögreglumanna til að hætta 65 ára fá þeir lífeyrisréttindi sín uppreiknuð eins og þeir hætti um sjötugt, eins og aðrir ríkisstarfsmenn, og eru auk þess reiknaðir upp um tvo flokka. Uppsögnin þýðir að Kristján missir þessi réttindi.

„Ég hef haldið mig alveg til hlés. Það eru menn að vinna í þessu og ekki eðlilegt að ég hafi sterkar skoðanir á meðan. Svo kemur þetta bara í ljós.“

Kristján hefur verið lögreglumaður á Blönduósi í 36 ár. Hann segir bókstaflega allt í íslensku samfélagi hafa breyst á þeim tíma sem hann hefur starfað við löggæslu. „Lögreglustarfið hefur breyst alveg óskaplega mikið. Þetta er allt annað starf en það var. Þegar ég byrjaði var þetta útkallslögregla sem kallað var til vegna óhappa. Nú er þetta alls konar vinna sem þarf að sinna dagsdaglega til viðbótar við að sinna útköllum.“

Hann segir starfið skemmtilegt. „Já, það er mjög tilbreytingaríkt. Þú veist aldrei hvað gerist á morgun eða hvað gerist á næsta klukkutímanum. Svo er auðvitað misjafnt hvernig menn höndla svona álag.“

Breytingar á Blönduósi hafa sömuleiðis orðið miklar á 36 árum. Blönduóslögreglan er auðvitað alræmd fyrir virkt eftirlit með hraðakstri. „Ég hef séð vegina fara úr holóttum malarvegum í vegi þar sem er hægt að keyra hratt og umferðina aukast úr því að vera einn og einn bíll í það að vera samfelld.“

Skemmtanahald sveitunga í Austur-Húnavatnssýslu hefur sömuleiðis breyst. „Sveitaböllin eru næstum liðin tíð en voru aðalskemmtanirnar hér á árum áður. En það voru engin átök fyrir okkur að sinna sveitaböllum. Það hefur bara svo margt breyst varðandi skemmtanahald með bjórnum og pöbbum.“

Landssamband lögreglumanna er að skoða réttindi Kristjáns. Á meðan sinnir hann áhugamálunum. „Ég er mikið frammi í sveit. Þar á ég nokkur hross sem ég dunda við og það er frábært.“ **snaeros@frettabladid.is**




**Undirskriftum vegna uppsagnarinnar var skilað til dómsmálaráðuneytisins í gær. Haukur Guðmundsson ráðuneytisstjóri veitti þeim viðtöku.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

> **Þú veist aldrei hvað gerist á morgun eða hvað gerist á næsta klukkutímanum.**
>
> Kristján Þorbjörnsson yfirlögregluþjónn





# RÚMFATA LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

**GILDIR TIL 18.06 2017**

# 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM GARÐHÚSGÖGNUM OG SESSUM*

**ÚTILEGUSTÓLL**
Góður útilegustóll með örmum og glasa-haldara. Hægt að leggja saman. Vnr. 3761301

ÚTILEGUSTÓLL
**1.195**

FÁNI
**95**

**ÍSLENSKI FÁNINN**
Fáni: 30 x 46 sm.
Prik: 60 sm.
Vnr. HZ1530160

KUBBSPIL
**2.995**

**KUBBSPIL**
Vnr. 6430500

# 20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM ELDHÚS- OG BORÐSTOFUSTÓLUM

41% afsláttur

BASIC FRÁBÆRT VERÐ

FRÁBÆRT VERÐ

SÓLSTÓLL
**4.995**

**THORSMINDE SÓLSTÓLL**
Léttur sólstóll úr áli með sterku netáklæði úr polyesterefni. Hægt að leggja alveg saman. Er með 5 stillingum.
Vnr. 3726142

FULLT VERÐ: 1.695
**995**

**STETINDEN SUMARSÆNG**
Létt og þægileg sumarsæng í fallegum litum. Tilvalin í sumarbústaðinn eða sem gestasæng. Má þvo á 40°C.
Stærð: 135 x 200 sm.
Vnr. 4108550

FRÁBÆRT VERÐ

1500 mm | 4,00 kg

4 MANNA

4 MANNA TJALD
**9.995**

OPEN AIR OUTDOOR EQUIPMENT

**NORDMARKA TJALD**
Gott 4 manna tjald með polyester í ytra byrði. Innra byrði er úr 100% nylon sem andar. Þéttur botn. Þéttleiki: 1500 mm/cm$^2$. Stærð: (100+210) x 240 x 130 sm. Þyngd: 4,0 kg.
Vnr. 4704200

FRÁBÆRT VERÐ

VERÐ FRÁ:
**1.495**

**VELOUR VINDSÆNGUR**
Virkilega góðar og vandaðar vindsængur með velour efni. Nokkrar stærðir.
Vnr. 4733600, 4733200, 4734100, 4735900

*GILDIR EKKI MEÐ ÖÐRUM TILBOÐUM

# Kröfur ganga á víxl í kjölfar brottreksturs stofnanda Fáfnis Offshore

**DÓMSMÁL** Steingrímur Erlingsson, fyrrverandi forstjóri Fáfnis Offshore, hefur stefnt fyrirtækinu og krefst þess að fá greiddan sex mánaða uppsagnarfrest og orlof. Stjórnendur Fáfnis segja að Steingrímur hafi ekki staðið við skyldur sínar á uppsagnarfresti og hafa gert gagnkröfu.

Valdemar Johansen, lögmaður Steingríms, staðfestir í samtali við Fréttablaðið að forstjórinn fyrrverandi hafi stefnt Fáfni sökum meintra vanefnda á greiðslu uppsagnarfrests sem hann hafi átt rétt á samkvæmt ráðningarsamningi. Samkvæmt svari Fáfnis Offshore við fyrirspurn blaðsins byggir gagnkrafa fyrirtækisins á því að Steingrímur hafi ekki skilið við félagið líkt og samningurinn hljóðaði upp á. Forstjórinn fyrrverandi hafi tekið með sér tölvu í eigu Fáfnis og brotið trúnaðarskyldu.

Fyrirtaka í máli Steingríms gegn Fáfni verður í Héraðsdómi Reykjavíkur þann 22. júní. Þá verður liðið rúmt eitt og hálf ár síðan Steingrími, stofnanda og hluthafa í Fáfni Offshore, var sagt upp störfum. Steingrímur var fram að desember 2015 andlit fyrirtækisins út á við en Jóhannes Hauksson, stjórnarformaður Fáfnis, tók þá við framkvæmdastjórastarfinu. Í kjölfarið hófust miklar deilur milli Steingríms og meirihlutaeigenda í Fáfni sem rekur sérútbúna olíuþjónustuskipið Polarsyssel.

Stjórn Fáfnis hefur tvisvar ráðist í skuldabréfaútgáfu upp á samtals 345 milljónir króna til að tryggja áframhaldandi rekstur fyrirtækisins. Eignarhlutur Haldleysis, einkahlutafélags í eigu Steingríms, í Fáfni Offshore hefur því minnkað úr 21 prósenti í árslok 2015 í rétt rúm tíu prósent, en hann hefur ekki tekið þátt í skuldabréfaútgáfunum. – **hg**



**Lækkun olíuverðs hefur haft áhrif á verkefnastöðu Fáfnis Offshore. Íslenskir lífeyrissjóðir og ríkisbankinn Íslandsbanki eru í hluthafahópi þess.** MYND/FÁFNIR



**Áætluð verklok yrðu á næsta ári.** FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

## Setja á laggirnar íbúarekið leigufélag í Hafnarfirði

**HAFNARFJÖRÐUR** Á fundi bæjarráðs Hafnarfjarðarbæjar í gærmorgun voru lögð fram drög að stofnsamþykktum íbúarekins leigufélags í bænum sem hefur það að markmiði að lækka leiguverð, draga úr yfirbyggingu og auka aðkomu og þátttöku íbúanna sjálfra.

Að mati bæjarstjóra Hafnarfjarðarbæjar er hér um að ræða stórt framfaraskref innan sveitarfélagsins. Hvatinn að verkefninu er að bregðast við þörf á öruggu leiguhúsnæði á viðráðanlegu verði. Bæjarráð hefur falið bæjarstjóra að vinna áfram að málinu, segir í tilkynningu.

Í ljósi ástands og aðstæðna á íbúðamarkaði í dag og mikillar eftirspurnar eftir húsnæði í Hafnarfirði telur sveitarfélagið að allar forsendur séu til staðar til að leigjendur komi sjálfir að rekstri og utanumhaldi um leigu á almennum íbúðum. Hugmyndin er að leigjendurnir sjálfir verði aðilar að sjálfseignarstofnun um félagið sem á og rekur íbúðirnar.

Gert er ráð fyrir að félagið fái stofnframlag frá sveitarfélagi og Íbúðalánasjóði sem nemur samtals 30 prósentum af byggingarkostnaði, sveitarfélagið leggi til 12 prósent og Íbúðalánasjóður 18 prósent. Leiga á svo að standa undir afborgunum og vöxtum af láni. Verklok framkvæmda eru áætluð í lok næsta árs. – **sg**

# Hafþór Júlíus kærður til lögreglu af fyrrverandi kærustu

**Þrjár fyrrverandi kærustur Fjallsins segja hann hafa beitt þær líkamlegu og andlegu ofbeldi auk þess að hóta þeim. Ein þeirra hefur kært nokkur atvik úr sambandi þeirra. Lögmaður Fjallsins segir ekkert hæft í sögunum og hótar Fréttablaðinu málsókn.**

**LÖGREGLUMÁL** Hafþór Júlíus Björnsson aflraunamaður, jafnan kallaður Fjallið, hefur verið kærður til lögreglunnar vegna nokkurra atvika í samskiptum sínum við fyrrverandi kærustu. Á meðal atvika sem meint frelsissvipting sem Fréttablaðið fjallaði um á laugardag þegar lögregla var kölluð að heimili hans, fimmtudagskvöldið 8. júní síðastliðinn. Þá hafði Hafþór, að sögn, neitað konu um útgöngu af heimili sínu sem varð til þess að hún stökk út um opinn eldhúsglugga og leitaði hjálpar hjá nágrönnum.

Heimildir Fréttablaðsins herma að fyrr í þessari viku hafi konan komið á lögreglustöðina í Kópavogi og lagt fram kæru vegna málsins sem og annarra atvika síðan kynni þeirra hófust. Lögregla hefur í þrígang verið kölluð að heimili Hafþórs vegna framgöngu hans við konuna.

Í samtali við Fréttablaðið í síðustu viku staðfesti Hafþór öll meginatriði í frásögn af kvöldinu, sagðist hafa brugðið við þegar konan stökk af stað og þess vegna hlaupið á eftir henni og rifið í hana. Við það hafi myndast hávaði sem varð til þess að nágranni hringdi á lögregluna. Hann hafnar alfarið ásökunum um ofbeldi.

Fréttablaðið hefur undanfarna daga rætt við nokkrar konur sem hafa átt í ástarsambandi við Hafþór í gegnum tíðina. Þrjár þeirra lýsa líkamlegu og andlegu ofbeldi af hendi Hafþórs. Samböndin áttu sér stað yfir nokkurra ára tímabil en konurnar óska þess allar að láta nafns síns ekki getið.

Ein konan lýsir því að Hafþór hafi iðulega lamið sig þegar þau rifust. Hún lýsir því einnig að hann hafi ítrekað tekið hana svæfingartaki svo hún leið út af. Meðan á sambandi þeirra stóð leitaði hún einu sinni á sjúkrahús og fékk áverkavottorð.

Önnur kona segir frá því að í eitt skipti, þegar sambandi þeirra hafi lokið, hafi verið hringt á lögregluna vegna hótana hans í hennar garð um líkamlegt ofbeldi.

Þá hefur Fréttablaðið heyrt frá nágrönnum Hafþórs sem kölluðu í að minnsta kosti eitt skipti lögreglu til þegar Hafþór var búsettur í Sjálandshverfinu í Garðabæ. Nágrannar heyrðu þá gríðarleg læti seint um kvöld og öskur í konu. Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst hefur Hafþór aldrei verið handtekinn í þau skipti sem lögregla hefur verið kvödd til.

Fréttablaðið hafði samband við Hafþór Júlíus vegna ásakananna. Hann benti Fréttablaðinu á lögfræðing sinn og segir að fréttaflutningur af málinu verði kærður til lögreglu. „Þetta eru meiðyrði og verður alveg 100 prósent kært."

Lögfræðingur Hafþórs, Kjartan Ragnars, hefur síðan á laugardag ítrekað haft samband við blaðið.



**Lögmaður Hafþórs Júlíusar Björnssonar, aflraunamanns og leikara, segir ekkert hæft í ásökunum um ofbeldi.** FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> **Þetta eru meiðyrði og verður alveg 100 prósent kært.**
>
> Hafþór Júlíus Björnsson, aflraunamaður

Hann segir Hafþór með öllu lausan við ofbeldishneigð og beita hvorki karla né konur ofbeldi. Hann segir það geta orðið mjög dýrt að veitast að Hafþóri með rógburði þar sem ímynd hans sé mjög verðmæt. Hann segir að mögulega þrjár konur séu í hefndarhug gagnvart Hafþóri.
**snaeros@frettabladid.is**


gæði – þekking – þjónusta

BIÐRAÐAKERFI - FÆRIBÖND - DEIG- & RASPVÉL - BRÝNI
MÁLMLEITARTÆKI - ÁLEGGSHNÍFAR - HAKKAVÉLAR
HAMBORGARAVÉLAR - KJÖTSAGIR - ROÐFLETTIVÉLAR

FLUGNABANAR

Kynningartilboð á nýrri gerð flugnabana sem uppfylla nýjustu kröfur um hreinlæti



GOTT VERÐ
FliBlade 26
Áður 20.238,- NÚ 16.191,-

pmt PLAST, MIÐAR & TÆKI

Krókhálsi 1 | 110 Reykjavík | s. 567 8888 | www.pmt.is


# Kynferðisbrotamaður heldur réttindum

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur féllst á það í gær að svipting lögmannsréttinda kynferðisbrotamannsins Roberts Downey, sem áður hét Róbert Árni Hreiðarsson, yrði felld niður og því fær hann að halda réttindum sínum til að vera héraðsdómslögmaður.

Robert hafði áður verið dæmdur í Hæstarétti í þriggja ára fangelsi árið 2008 fyrir kynferðisbrot gegn fjórum unglingsstúlkum og hafði héraðsdómur áður einnig fallist á beiðni hans um að hann fengi lögmannsréttindin aftur.

Vísað var í dóm manns sem fékk lögmannsréttindi sín aftur árið 1980 þrátt fyrir að hafa verið dæmdur í 16 ára fangelsi fyrir manndráp og af því ráðið að jafnvel svo alvarlegt brot standi ekki í vegi að svipting lögmannsréttinda verði felld niður.

Í úrskurði Hæstaréttar segir að forseti Íslands hafi þann 16. september árið 2016 veitt Róberti uppreist æru og því hafi hann öðlast óflekkað mannorð samkvæmt lögum. Liðin séu níu ár frá því að hann braut af sér og þá hafi ekki hafi verið sýnt fram á að það sé varhugavert að hann öðlist lögmannsréttindi að nýju.

Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur frá 2007 kemur fram að Róbert hafi nýtt sér yfirburði sína til að tæla fjórar stúlkur, þrjár 15 ára og eina 14 ára gamla, með peningagreiðslum og blekkingum.

Komst hann í samband við þær með blekkingum, og þóttist til að mynda vera 17 ára gamall táningspiltur að nafni Rikki í samskiptum við eina þeirra í gegnum netið.

Þá hafi hann í fimmtán skipti tælt aðra stúlku, sem þá var fimmtán ára, með peningagreiðslum og blekkingum til þess að hafa við sig kynferðismök í bifreið á ýmsum stöðum í Reykjavík. - **oæg**



**Maðurinn var árið 2008 dæmdur í þriggja ára fangelsi fyrir kynferðisbrot gegn fjórum unglingsstúlkum.**




EKKI MISSA AF ÞESSU FRÁBÆRA TILBOÐI!

GILDIR TIL 30. JÚNÍ 2017

Grand Vitara er frábær fjölskyldubíll og fullbúinn jeppi með háu og lágu drifi þannig að þér eru allir vegir færir.

TRAUST UMBOÐ Í 28 ÁR

SUZUKI

FLUTT MEÐ EIMSKIP

Suzuki | Skeifunni 17 | Sími 568 5100




**Um 140 milljónir hlusta mánaðarlega á Spotify.** NORDICPHOTOS/GETTY

## Spotify tapaði 60 milljörðum

**VIÐSKIPTI** Sænska streymiþjónustan Spotify bætti við sig notendum á síðasta ári og nota nú 140 milljónir manna þjónustuna mánaðarlega.

Tekjur fyrirtækisins námu 2,9 milljörðum evra, og jukust um 50 prósent milli ára, samkvæmt frétt BBC um málið. Tapið jókst þó verulega og nam 539,2 milljónum evra, jafnvirði 60 milljarða króna, á síðasta ári.

Stjórnendur Spotify íhuga að skrá félagið á markað og því er bókhald félagsins undir miklu aðhaldi. Forsvarsmenn félagsins segjast telja að tekjur fyrirtækisins muni aukast með fleiri notendum. Því verður áfram fjárfest í félaginu og markaðssetningu þess.

Notendum Spotify sem greiða fyrir þjónustuna fjölgaði verulega milli ára, úr 20 milljónum í 48 milljónir. Apple Music, sem er aðalsamkeppnisaðili Spotify, er með 27 milljónir greiðandi áskrifenda. Fjöldi þeirra hefur tvöfaldast milli ára. – sg

## Mikil mildi að hann komst sjálfur út




Á miðvikudag kviknaði í bíl á Kjalvegi, rétt fyrir ofan Sandá. Bíllinn endaði á hvolfi utan vegar. Þegar ökumaðurinn, sem var einn á ferð, var að koma sér út úr bílnum varð hann var við eld og var heppinn að komast út af sjálfsdáðum því fljótlega varð bíllinn alelda. Um 40 kílómetrar eru að næstu slökkvistöð og því lítið sem slökkviliðið gat gert þegar það kom á staðinn annað en að slökkva þann litla eld sem enn logaði. MYND/BRUNAVARNIR ÁRNESSÝSLU

## Staðfestir ekki framboð

**RÚSSLAND** Vladimír Pútín Rússlandsforseti lofar að tryggja að Rússar búi í almennilegu húsnæði og fái almennileg laun. Þetta var meðal þess sem hann sagði í árlegum sjónvarpsviðburði í Rússlandi þar sem almenningur getur hringt inn og Pútín svarar símtölunum.

Reuters greinir frá því að líklega hafi Pútín lofað áhorfendum þessu þar sem nú styttist í forsetakosningar sem fara fram í mars á næsta ári.

Pútín hefur stýrt landinu síðustu sautján ár og líklegt er að hann bjóði sig fram fyrir fjórða kjörtímabil sitt í kosningunum í mars. Hann vildi þó ekki staðfesta þetta á viðburðinum. Líklegt er talið að Pútín, sem er 64 ára, myndi vinna kosningarnar ef hann byði sig fram.

Pútín var léttur og gantaðist meðal annars með það að bjóða James Comey, fyrrverandi yfirmanni bandarísku alríkislögreglunnar FBI, pólitískt hæli í Rússlandi. Forsetinn sýndi mýkri hlið sína þegar kona frá Izhevsk í Úralfjöllum hringdi og sagðist búa við óheilbrigð skilyrði og hafa áhyggjur af því að þakið á húsi hennar myndi hrynja yfir börnin hennar. Pútín sagðist myndu vinna í því að finna nýtt húsnæði fyrir hana og heimsækja hana þegar hann kæmi til borginnar á næstunni.



**Pútín svaraði spurningum fjölmiðla eftir að sjónvarpsviðburðinum lauk.** NORDICPHOTOS/AFP

Pútín vildi lítið tala um fjölskyldu sína. Þegar hann var spurður um barnabörn sín bað hann um að einkalíf hans yrði virt til að þau gætu átt sem eðlilegasta æsku. – sg




# Stefna Norðurturninum og vilja lógó sitt á húsið

**Hugbúnaðarfyrirtækið LS Retail undirbýr málshöfðun gegn eiganda Norðurturnsins við Smáralind. Deilur hafa staðið um merkingar á húsinu eftir að Íslandsbanki flutti inn. Málamiðlunartillögum hafnað og LS Retail fær ekki lógó sitt á turninn.**

**VIÐSKIPTI** LS Retail undirbýr málshöfðun gegn eiganda Norðurturnsins við Smáralind eftir að kröfu hugbúnaðarfyrirtækisins um að lógó þess yrði sýnilegt utan á byggingunni var hafnað. Harðar deilur um merkingar á húsinu komu upp eftir að Íslandsbanki flutti þangað og ætlar LS Retail að leggja fram kæru fyrir lok júní.

Þetta staðfestir Sigrún Dóra Sævinsdóttir, rekstrarstjóri LS Retail, og segir fyrirtækið fara fram á að jafnræðis sé gætt varðandi merkingar utan á húsinu. LS Retail hafi ítrekað lagt fram málamiðlunartillögur sem hafi verið hafnað.

Íslandsbanki tilkynnti í apríl í fyrra að höfuðstöðvar fyrirtækisins yrðu fluttar frá Kirkjusandi í turninn í Kópavogi. Tveimur mánuðum áður hafði LS Retail gert tíu ára leigusamning við Norðurturninn hf. um fimm hæðir. Í nóvember í fyrra greindi DV síðan frá óánægju annarra leigutaka í húsinu með ákvörðun stjórnarinnar um að leyfa bankanum og engum öðrum að setja lógó sitt á stigahús turnsins. Bankinn hefði einnig farið fram á að opinbert heiti byggingarinnar yrði „Íslandsbankaturninn“.

Ríkharð Ottó Ríkharðsson, framkvæmdastjóri Norðurturnsins, vildi ekki tjá sig um málið þegar eftir því var leitað. Að sögn Sigrúnar Dóru hefur Norðurturninn beitt fyrir sig ákvæði í leigusamningnum við LS Retail sem kveður á um að merkingar séu bannaðar nema í samráði við leigusala og í samræmi við merkingar annarra leigutaka. LS Retail hafi mátt vera ljóst frá upphafi að merkið yrði ekki utan á byggingunni.



**Íslandsbanki er eini leigutaki Norðurturnsins sem hefur fengið að setja lógó sitt utan á bygginguna. Forsvarsmenn LS Retail eru ósáttir.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **LS Retail skrifaði undir leigusamning við Norðurturninn í febrúar 2016 og tveimur mánuðum síðar tilkynnti Íslandsbanki um flutning á höfuðstöðvum sínum í byggingunni.**

Stjórnendur fyrirtækisins líti aftur á móti svo á að þar séu „hlutir slitnir úr samhengi“ enda hafi við undirritun leigusamningsins ekki annað búið að baki en liðlegheit og forsendur síðar breyst þar sem stjórnendur Norðurturnsins hafi á þeim tíma haft áform um að engin firmamerki yrðu utan á byggingunni.

Íslandsbanki er einn eigenda Norðurturnsins hf. og átti í árslok 2016 alls 22,85 prósenta hlut. Fyrirtækið á því fulltrúa í stjórn turnsins og er einnig einn af lánveitendum hans. **haraldur@frettabladid.is**










OPIÐ
11-19 Á 17. JÚNÍ

GARÐHEIMAR

Stekkjarbakka 6 • 540 3300 • gardheimar.is

# Mývetningar á milli steins og sleggju

Skútustaðahreppur og fimmtán rekstraraðilar afhentu í gær heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra umbótaáætlun í fráveitumálum til næstu fimm ára. Sveitarstjórinn segir að fjárhagsleg aðkoma ríkisvaldsins að lausn vandans sé grundvallarforsenda.

**UMHVERFISMÁL** „Við erum á milli steins og sleggju því það er gerð krafa til okkar, sveitarfélagsins, um að ráðast í framkvæmdir sem kosta um það bil tvær milljónir króna á hvern íbúa á sama tíma og við höfum ekkert fjárhagslegt bolmagn til þess,“ segir Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri Skútustaðahrepps, spurður um stöðu fráveitumála í sveitarfélaginu.

Mývetningar hafa farið þess á leit við stjórnvöld að sveitarfélagið verði styrkt til þess að gera úrbætur í fráveitumálum. Tilefnið er bæði reglur um hreinsun frárennslis frá árinu 2012, en þær gera kröfu um nýtt fráveitukerfi í sveitarfélaginu, og ekki síður áhyggjur manna af lífríki Mývatns.

Sveitarfélagið og fimmtán rekstraraðilar afhentu í gær heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra sameiginlega umbótaáætlun um fráveitumál í sveitarfélaginu til fimm ára. Í áætluninni er meðal annars lögð áhersla á að kanna nánar þann möguleika að losa fráveituvatn í borholur. Verður gerð tilraun með slíka niðurdælingu næsta sumar, fáist til þess fjármagn frá ríkinu.

Heildarkostnaður fyrirhugaðra framkvæmda er áætlaður um 500 til 700 milljónir króna, en ætla má að kostnaður rekstraraðila muni hlaupa á hundruðum milljóna króna. Þorsteinn ítrekar í samtali við blaðið að fjárhagsleg aðkoma ríkisins að lausn vandans sé grundvallarforsenda. Sveitarfélagið fundaði með fjármálaráðherra og umhverfisráðherra í lok síðasta mánaðar. „Það var bara gott samtal sem við áttum. En þetta kemur í ljós í haust þegar fjárlagavinnan fer af stað. Við höfum ekki fengið neitt loforð frá ríkinu um aðkomu þess, þannig að þetta er enn á byrjunarstigi. En það er allavega búið að funda einu sinni og sá fundur lofar góðu um framhaldið,“ segir hann.

Gert er ráð fyrir að viðræður við stjórnvöld standi til áramóta.

„Skútustaðahreppur er lítið sveitarfélag. Veltan á síðasta ári var um 460 milljónir króna og reksturinn hefur verið þungur undanfarin ár. Það birti þó aðeins til á síðasta ári sem gefur okkur tækifæri til þess að fara að undirbúa verkið.“ Kostnaðurinn við fyrirhugaðar framkvæmdir sé gríðarlegur fyrir svona lítið sveitarfélag. „Það sjá allir að þetta er eitthvað sem gengur ekki upp. Þess vegna lít ég á það sem samfélagslegt verkefni, hvað varðar náttúruperluna Mývatn, að Íslendingar standi saman, komi að borðinu með okkur og fjármagni þessar fráveituframkvæmdir með okkur, eins og ríkinu ber samkvæmt lögum um vernd Mývatns og Laxár frá árinu 2004. Þar kemur skýrt fram að kostnaður sem hlýst af þessum lögum, sem eru klárlega íþyngjandi gagnvart okkur í fráveitumálum, á að greiðast úr ríkissjóði.“

Hann segir sveitarfélagið hafa þegar hafið undirbúning að framkvæmdum, til dæmis með breytingum á deiliskipulagi vegna hreinsistöðva í Reykjahlíð og á Skútustöðum. Einnig sé verið að undirbúa útboð á hönnun fráveitukerfisins, svo eitthvað sé nefnt. „Við erum að vinna okkar heimavinnu samkvæmt umbótaáætluninni.“ Enn er hins vegar beðið svara frá ríkisvaldinu. **kristinningi@frettabladid.is**



Magn blábaktería í Mývatni árin 2014 og 2015 er talið merki ofauðgunar í vatninu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Segir umræðuna oft á tíðum sorglega

Þorsteinn Gunnarsson sveitarstjóri segir að umræðan um fráveitumál í Mývatnssveit sé oft á tíðum sorgleg. Stundum mætti skynja af henni að málin væru þar í miklum ólestri. Því hafi til dæmis verið haldið fram að skólpi sé dælt beint út í Mývatn. Það sé mikill misskilningur.

„Í gegnum tíðina hafa Mývetningar verið til fyrirmyndar þegar kemur að fráveitumálum með sínar rotþrær og annað. Þetta var bara í nokkuð góðu ásigkomulagi þar til reglugerðinni var breytt með einu pennastriki árið 2012,“ segir Þorsteinn. „Við vorum að skila sameiginlegri umbótaáætlun og ætlum að vera til fyrirmyndar í fráveitumálum.




# Máli gegn VSV vísað frá

**SJÁVARÚTVEGUR** Héraðsdómur Suðurlands hefur vísað frá máli sem Brim höfðaði á hendur Vinnslustöðinni til ómerkingar á stjórnarkjöri sem fram fór á aðalfundi og hluthafafundi Vinnslustöðvarinnar síðasta sumar.

Var það niðurstaða dómsins að Brim, sem er næststærsti hluthafi Vinnslustöðvarinnar með tæplega 33 prósenta hlut, hefði ekki sýnt fram á að félagið hefði lögvarða hagsmuni af því að fá úrlausn um kröfur sínar.

Brim kvaðst hafa lögmæta hagsmuni af því að krefjast þess að fyrra stjórnarkjörið á aðalfundinum, sem fram fór 6. júlí, gilti, enda væri ljóst að úrslit síðari kosninganna hefðu ekki verið félaginu eins hagstæð og úrslit fyrri kosninganna. Eins og kunnugt er skilaði atkvæðaseðill eins hluthafa sér ekki í kjörkassa en það atkvæði hefði ráðið úrslitum um stjórnarkjörið. Ákvað fundarstjóri því að endurtaka stjórnarkjörið en þá náðu fulltrúar Brims, bræðurnir Guðmundur og Hjálmar Kristjánssynir, ekki kjöri í stjórn og varastjórn.

Stjórn Vinnslustöðvarinnar boðaði í kjölfarið til hluthafafundar, sem fór fram þann 31. ágúst, þar sem kosið var til stjórnar á ný. Brim mótmælti því harðlega og vísaði til þess að fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra hefði málið til skoðunar. Á hluthafafundinum var stjórn félagsins sjálfkjörin, en fulltrúar Brims drógu framboð sitt til baka rétt fyrir fundinn.

Var það niðurstaða dómsins, eins og áður segir, að Brim hefði ekki sýnt fram á að félagið hefði lögvarða hagsmuni af því að fá úrlausn um kröfur sínar í skilningi 1. mgr. 25. gr. laga um meðferð einkamála. **-kij**



Guðmundur Kristjánsson útgerðarmaður, kenndur við Brim.

# Sýknaður í Hæstarétti

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur snúið dómi Héraðsdóms í máli manns sem var dæmdur fyrir kynferðisbrot gegn konu sem hann ók fyrir Ferðaþjónustu fatlaðra.

Var honum gefið að sök að að hafa í byrjun árs 2013 í fjögur skipti haft samræði og önnur kynferðismök við konuna í bifreið á vegum ferðaþjónustunnar. Þannig hafi hann notfært sér að hún gat ekki spornað við verknaðinum sökum andlegrar fötlunar.

Í héraðsdómi var maðurinn sýknaður af þeim hluta ákærunnar sem laut að sakargiftum um samræði og önnur kynferðismök, en sakfelldur fyrir kynferðislega áreitni í eitt skipti þann 14. mars 2013.

Fyrir Hæstarétti undi konan héraðsdómi að því leyti sem sýknað var en krafðist þess að refsing karlsins yrði að öðru leyti þyngd.

Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að sá akstur sem maðurinn átti að sinna sem síðasta verkefni umrædds dags renndi engum stoðum undir það að hann hefði skilað konunni seinna á áfangastað en eðlilegt mætti telja miðað við þá umferð sem gera mætti ráð fyrir á umræddum tíma dags. Þá hefði akstursleið mannsins verið eðlileg með hliðsjón af fyrirliggjandi verkefnum.

Loks var vísað til þess að við flutning málsins í Hæstarétti hefði konan lýst því yfir að ekki væri víst að maðurinn hefði ekið henni 14. mars en atvik hefðu allt að einu getað gerst á öðrum degi. **– sój**


NORÐURÁL
Við viljum halda ferðalaginu áfram
Næstu áratugi verða allar þjóðir heims að leggja sitt af mörkum til að halda áhrifum mannsins á umhverfi og veðurfar í lágmarki. Við viljum halda áfram að gera nýja og spennandi hluti, ferðast, læra og njóta lífsins.
Léttari farþegaþotur nota minna eldsneyti og skilja því minna eftir sig af $CO_2$ í andrúmsloftinu. Í flugvélahönnun er unnið markvisst að því að nota ál í stað þyngri málma og plastefna til að létta samgöngur heimsins. Framlag Íslands er tæp 2% alls áls í heiminum: hreint hágæðaál, unnið með bestu tækni sem völ er á og með umhverfisvænni íslenskri orku.
Íslenskt ál um allan heim
nordural.is

# Norðurlönd ekki sett lög um aðskilnað

**Ekkert hinna Norðurlandanna hefur sett lög um aðskilnað viðskiptabanka- og fjárfestingarbankastarfsemi. Stjórnvöld í ríkjunum áforma ekki að setja slík lög. Starfshópur vill fara hægt í sakirnar. Umfang fjárfestingarbankastarfsemi er lítið hér á landi.**

**EFNAHAGSMÁL** Ekkert Norðurlandanna hefur sett lög um aðskilnað viðskiptabanka- og fjárfestingarbankastarfsemi og hafa stjórnvöld í þessum ríkjum ekki í hyggju að setja slík lög á næstunni. Starfsemi fjárfestingarbanka er talsvert umfangsmeiri að tiltölu á hinum Norðurlöndunum í samanburði við Ísland.

Í skýrslu starfshóps Benedikts Jóhannessonar, fjármála- og efnahagsráðherra, sem var falið að skoða kosti og galla þess að skilja að starfsemi viðskiptabanka og fjárfestingarbanka, kemur fram að aðeins fjögur stærstu ríki heims, Bandaríkin, Bretland, Þýskaland og Frakkland, ásamt Belgíu, hafi sett lög um slíkan aðskilnað.

Er tekið fram að löggjöf flestra umræddra ríkja taki einungis til stærstu fjármálafyrirtækja viðkomandi ríkja. Innbyrðis eru útfærslurnar afar mismunandi.

Ein af þeim leiðum sem starfshópurinn skoðaði er að skilja að starfsemi viðskiptabanka og fjárfestingarbanka með formlegum hætti og í samræmi við fyrirmyndir í ríkjunum fjórum.

Starfshópurinn taldi ekki tilefni að svo stöddu til þess að setja lög um formlegan aðskilnað, en sagði þó að tilefni gæti verið til þess að skilgreina í reglum frekari varnarlínur gagnvart áhættu sem tengist fjárfestingarbankastarfsemi án þess þó að íþyngja um of starfsemi banka sem stunda einungis „hóflega fjárfestingarbankastarfsemi“, eins og það er orðað í skýrslunni.

Í skýrslu starfshópsins er rakið að á undanförnum árum hafi verið brugðist við ýmsum brestum í lögum og reglum sem komu í ljós við alþjóðlegu fjármálakreppuna árið 2008.

Segja má að lagaumhverfi evrópskra fjármálafyrirtækja hafi verið umbylt og þykir mörgum nóg um. Þannig sagði Jón Daníelsson, hagfræðingur við London School of Economics, á fundi hagfræðideildar Háskóla Íslands í fyrradag að stjórnvöld í mörgum ríkjum hefðu sveiflast á milli öfganna. Fyrir hrun hefði verið of lítið af reglugerðum en nú væru þær alltof margar.

Þrátt fyrir auknar reglur síðustu ár telja sumir að meira þurfi að gera. Á þeim grunni hafa komið fram ýmsar lagabreytingar, sem fela í raun í sér stefnumarkandi kerfisbreytingar, sem hafa þann tilgang að takmarka kerfisáhættu af fjárfestingarbankastarfsemi hjá stórum fjármálafyrirtækjum sem hafa heimild til þess að taka við innlánum.

Kjarni þessara reglna felst í því að takmörkun er gerð á milli starfsemi viðskiptabanka og fjárfestingarbanka. Er tilgangurinn að vernda innlánsstarfsemi frá áhættusækinni starfsemi fjárfestingarbanka.

Fram til ársins 2013 hafði einungis eitt ríki í heiminum, Bandaríkin, sett reglur sem miðuðu að kerfisbreytingum á starfsumhverfi fjármálafyrirtækja. Bretar leiddu í lög ákveðnar kerfisbreytingar árið 2013 og í kjölfarið fylgdu Frakkar, Þjóðverjar og Belgar í fótspor þeirra.

Eftir sem áður gilda reglurnar aðeins um stærstu fjármálafyrirtæki ríkjanna, þ.e. þau fjármálafyrirtæki sem talin eru kerfislega mikilvæg. Önnur ríki, þar á meðal öll Norðurlöndin, hafa ekki takmarkað starfsemi banka með eins íþyngjandi hætti, en þó ber að taka fram að á vettvangi Evrópusambandsins hafa verið samin drög að reglugerð sem stefna að sama markmiði og í ríkjunum fjórum.

Reglugerðin myndi þó einungis ná til um þrjátíu stærstu banka álfunnar. Ekki er víst á þessari stundu hvort eða hvenær hún verður samþykkt. kristinningi@frettabladid.is

## Umfang fjárfestingarbankastarfsemi minna hér

Fram kemur í skýrslu starfshópsins að umfang fjárfestingarbankastarfsemi íslenskra banka sé minna nú en áður. Starfsemin sé enn fremur ekki stór hluti af heildarstarfsemi bankanna. Samkvæmt þeirri nálgun sem starfshópurinn beitir var umfangið að meðaltali um 5% af heildareignum bankanna í fyrra. Þegar litið er til heildartekna bankanna var hlutfallið aðeins hærra, um 13%, sem telst þó verulega lágt.

Starfshópurinn bendir meðal annars á að ekkert hinna Norðurlandanna hafi sett lög um aðskilnað viðskiptabanka- og fjárfestingarbankastarfsemi eða reglur sem miða að kerfisbreytingum á starfsumhverfi fjármálafyrirtækja, þrátt fyrir umtalsvert meiri fjárfestingarbankastarfsemi, að tiltölu, heldur en hér á landi.




**Jón Daníelsson hagfræðingur segir að stjórnvöld í mörgum ríkjum sveiflist á milli öfganna. Fyrir hrun hafi verið of lítið af reglugerðum en nú séu þær alltof margar.**





STARFSFÓLK OKKAR FAGNAR ÞJÓÐHÁTÍÐARDEGINUM

Lokað verður í öllum Vínbúðunum á morgun, laugardaginn 17. júní. Í dag, 16. júní, er hefðbundinn opnunartími. Opið er til kl. 19 á höfuðborgarsvæðinu, nema á Dalvegi, í Skeifu og Skútuvogi þar sem opið er til kl. 20.

Upplýsingar um opnunartíma allra Vínbúða er að finna á vinbudin.is.

VÍNBÚÐIN




**Mikið magn regnbogasilungs slapp úr eldisstöð fyrr á árinu.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Frávísun lögreglustjóra felld úr gildi af saksóknara

**UMHVERFISMÁL** Ríkissaksóknari hefur fellt úr gildi þá ákvörðun lögreglustjórans á Vestfjörðum að vísa frá kæru Landssambands veiðifélaga vegna sleppingar regnbogasilungs á Vestfjörðum. Skal lögreglustjórinn taka málið til nýrrar meðferðar.

Með bréfi landssambandsins til lögreglustjórans þann 11. janúar síðastliðinn var farið fram á opinbera rannsókn vegna ætlaðra sleppinga á regnbogasilungi úr fiskeldiskvíum. Í bréfinu kom meðal annars fram að regnbogasilungur hefði komið víða fram í veiðum um norðan- og vestanvert landið og meðal annars veiðst í ám við Húnaflóa og Faxaflóa. Taldi sambandið hafið yfir allan vafa að mikið magn regnbogasilungs hefði sloppið úr eldisstöð á þessu ári. Í ljósi þess magns sem um ræddi væri ljóst að silungurinn hefði strokið úr sjókvíaeldi. Lögreglustjórinn vísaði málinu hins vegar frá meðal annars af þeim sökum að Matvælastofnun væri með málið til meðferðar.

Sú ákvörðun var kærð til ríkissaksóknara sem hefur nú fellt hana úr gildi. Ríkissaksóknari bendir á að af rökstuðningi lögreglustjóra verði ráðið að ekki hafi farið fram sérstök athugun eða verið leitað eftir upplýsingum frá Matvælastofnun um hvort kæran geti átt við rök að styðjast. Að mati ríkissaksóknara hefði verið rétt af lögreglustjóra að fara betur ofan í saumana á kæruefninu áður en ákvörðun var tekin um að vísa kærunni frá. Rétt hefði verið að leita eftir upplýsingum frá Matvælastofnun um meintar slysasleppingar, þar með talið að staðreyna hvort eftirlit eða athugun stofnunarinnar hafi farið fram eða væri yfirvofandi eða yfirstandandi og hvað hafi komið fram við þá athugun. – kij

DACIA




# NÝR DACIA LOGAN

## NÝ OG ENDURBÆTT INNRÉTTING - BAKKMYNDAVÉL
## SPARNEYTINN - HLAÐINN BÚNAÐI - GÓÐUR Í ENDURSÖLU

*Viðmiðunartölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ENNEMM / SÍA / NM82520

Verð:

# 2.490.000 kr.

573 lítra farangursými (rúmar 4 golfsett langsum)
Eyðsla í blönduðum akstri 3,8 L/100 km*

**Hlaðinn staðalbúnaði m.a.:** Bakkmyndavél, Íslenskt leiðsögukerfi, 7" LED skjár, bakkskynjarar, hraðastillir (Cruise control), Bluetooth handfrjáls símabúnaður, útvarp og geislaspilari með USB tengi fyrir MP3 spilara/Ipod, 4 hátalarar, aðgerðahnappar í stýri, sex aðgerða aksturstölva, útihitamælir, ræsivörn, loftkæling AC, leðurstýri, litaðar rúður, svart slitsterkt „Compass" tauáklæði, niðurfellanleg aftursæti, hæðarstilling á ökumannssæti, ESC stöðugleikastýring, þokuljós að framan o.m.fl.

Dacia eco²

**GE bílar**
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

**Bílasalan Bilás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Enn óljóst hve margir létu lífið

**Nú er ljóst að að minnsta kosti sautján létu lífið í Grenfell-turninum í Kensington hverfi sem kviknaði í aðfaranótt miðvikudags. Enn er óvíst um upptök eldsins. Opinber rannsókn mun fara fram á eldsvoðanum.**



Eldurinn braust út aðfaranótt miðvikudags og hefur slökkvistarf staðið yfir í tvo daga. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**BRETLAND** Staðfest var að sautján manns hefðu látið lífið í brunanum í Grenfell-turninum í Norður-Kensington þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöld.

BBC greinir frá því að fastlega sé búist við að tala látinna komi til með að hækka en slökkviliðsmenn eiga ekki von á að finna fleiri fórnarlömb á lífi eftir eldsvoðann sem átti sér stað aðfaranótt miðvikudags.

Ekkert hefur þó verið gefið upp um fjölda þeirra sem saknað er. Þrjátíu manns liggja á sjúkrahúsi og er ástand fimmtán þeirra talið alvarlegt.

Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, hefur óskað eftir opinberri rannsókn á brunanum. Hún segir að almenningur eigi skilið svör við því hvers vegna eldurinn dreifðist jafn hratt og raun ber vitni.

Fyrsta fórnarlamb eldsvoðans hefur verið nafngreint, það er Mohammed Alhajali, 23 ára sýrlenskur flóttamaður. Alhajali stundaði nám í verkfræði við University of West London með það í huga að snúa aftur til Sýrlands í framtíðinni til að byggja upp landið á ný eftir hörmungar síðustu ára.

Í tilkynningu frá Syria Solidarity Campaign kemur fram að Alhajali hafi verið í íbúð á fjórtándu hæð og eytt tveimur klukkustundum í símanum við vin sinn í Sýrlandi. Hann hafi verið að reyna að ná sambandi við fjölskyldu sína á meðan hann beið þess að honum yrði bjargað.

Bróðir Alhajalis, Omar, var einnig í byggingunni þegar eldurinn kom upp, en er nú á sjúkrahúsi. Ástand hans er sagt stöðugt.

Borin hafa verið kennsl á sex önnur fórnarlömb. Stuart Cundy, yfirmaður hjá Metropolitan lögreglunni, segir í samtali við BBC að því miður séu líkur á því að ekki verði hægt að bera kennsl á öll líkin.

Rannsókn á upptökum eldsins stendur enn yfir, en slökkviliðsstjóri borgarinnar, Dana Cotton, lagði áherslu á að ekkert benti til að um hryðjuverk hefði verið að ræða.

**» Theresa May, forsætisráðherra Bretlands, hefur óskað eftir opinberri rannsókn á brunanum. Hún segir að almenningur eigi skilið svör við því hvers vegna eldurinn dreifðist jafn hratt og raun ber vitni.**

Eldurinn virðist hafa kviknað á fjórðu hæð hússins og leitað fljótt upp á næstu hæðir. Sjónarvottar á jörðu niðri segjast hafa séð fólk í gluggum byggingarinnar þar sem það hrópaði á hjálp og barði í glugga. Einnig bárust fréttir af fólki sem sleppti börnum sínum út um glugga á efri hæðum til fólks á götunni. Byggingin var reist árið 1974 og voru umfangsmiklar endurbætur gerðar á henni á síðasta ári.

Cotton sagði jafnframt að aðstæður til leitar væru mjög erfiðar í húsinu og að aðgerðir slökkviliðs og annarra myndu taka margar vikur. Leitað var í brunarústum í allan gærdag.

Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær hefur fjöldi sjálfboðaliða lagt sitt af mörkum til að aðstoða íbúa hússins sem misstu húsnæði sitt. Í byggingunni voru yfir 120 íbúðir og er áætlað að milli 400 og 600 manns hafi búið í því. Fólkinu hefur verið tryggt húsaskjól í hverfinu og hafa sjálfboðaliðar fært því föt, skó, snyrtivörur og mat.

saeunn@frettabladid.is

## Danir borga hreinsunina

**GRÆNLAND** Eftir áralangar deilur um hver eigi að greiða fyrir að fjarlægja málmrusl og skaðlegan úrgang á yfirgefnum herstöðvum Bandaríkjamanna á Grænlandi hefur nú danska stjórnin ákveðið að greiða 30 milljónir danskra króna á ári næstu fimm árin vegna hreinsunarinnar.

Í sumar hyggjast danskir vísindamenn fara til yfirgefnu herstöðvarinnar Camp Century á innlandsísnum. Árið 1967 skildu Bandaríkjamenn þar eftir allt að 9.000 tonn af úrgangi auk þess sem þeir losuðu þar kjarnorkuúrgang beint niður í jökulinn.

Vísindamennirnir hyggjast kanna hvenær bráðnun jökulsins á svæðinu verður svo mikil að úrgangurinn komi í ljós. - ibs



Sænskur sérfræðingur segir konur geta ekið á hóp fólks alveg eins og karla. NORDICPHOTOS/AFP

## Fleiri konur til öfgasamtaka

**SVÍÞJÓÐ** Sænska öryggislögreglan hefur áhyggjur af því að fleiri konur hafi haldið til svæða þar sem stríðsátök eru og gengið til liðs við samtök öfgasinnaðra múslíma. Samkvæmt sænskum lögum er bannað að hvetja fólk og mennta til hryðjuverka. „Við gerum engan mun á konum og körlum varðandi mat á ógninni sem af þeim stafar,“ segir upplýsingafulltrúi öryggislögreglunnar í viðtali við Aftonbladet.

Fjórðungur þeirra sem fara frá Svíþjóð til að ganga til liðs við öfgasamtök er konur. Í Sýrlandi eru konur taldar vera fjörutíu prósent Svíanna sem þar eru. – ibs




**Félag fasteignasala óskar nýútskrifuðum fasteignasölum innilega til hamingu með útskriftina**

Í Félagi fasteignasala eru um 270 sérfræðingar í fasteignaviðskiptum.

**Við erum Félag fasteignasala**

FÉLAG FASTEIGNASALA


## Finnar hækka viðbúnaðarstig

**FINNLAND** Öryggislögreglan í Finnlandi hefur ákveðið að hækka viðbúnaðarstig í landinu vegna hryðjuverkaógnar. Ákvörðunin var tekin vegna vitneskju um mögulega hryðjuverkaógn sem metin er alvarlegri en áður, að því er öryggislögreglan greinir frá.

Ferðir einstaklinga frá Finnlandi til liðs við samtökin Íslamska ríkið eru meðal þess sem talið er möguleg ógn við heimalandið. – ibs

## Þagga niður í vísindamönnum

**NOREGUR** Vísindamenn sem gert hafa athugasemdir við laxeldi hafa verið áreittir, baktalaðir og beittir þrýstingi. Sumir hafa gefist upp. Þetta kemur fram í greinaflokki norska blaðsins Morgenbladet um fiskeldið. Þar greina um 20 vísindamenn frá árekstrum sínum við þá sem hafa hagsmuna að gæta.

Í umfjölluninni kemur fram að í sveitarfélögum við sjávarsíðuna, sem áður börðust í bökkum, séu nú byggðar hallir og keyptir sportbílar fyrir milljónirnar sem fiskeldið gefur af sér. Bent er meðal annars á að stjórnmálamenn sem marki stefnuna eigi hlutabréf í fyrirtækjunum.

Vísindamennirnir fullyrða að sjálfstæðar vísindarannsóknir séu í hættu. – ibs




Maðurinn er dæmdur fyrir tilraun til manndráps og nauðgun.

## Hæstiréttur þyngdi dóm

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur hefur þyngt fangelsisdóm yfir karlmanni fyrir tilraun til manndráps, nauðgun, sérstaklega hættulega líkamsárás og frelsissviptingu með því að hafa haldið barnsmóður sinni nauðugri í íbúð hennar í júlí í fyrra.

Maðurinn fær tíu ára dóm í Hæstarétti en fékk átta ára fangelsisdóm í héraðsdómi í febrúar. Þá voru bætur mannsins til konunnar hækkaðar úr 2,5 milljónum króna í 3,5 milljónir króna.

Dómurinn var kveðinn upp í Hæstarétti í gær en maðurinn var dæmdur fyrir að hafa haldið konunni nauðugri í íbúð hennar í tvær klukkustundir. Á meðan á frelsissviptingunni stóð veittist hann að henni með margvíslegu ofbeldi, þvingaði hana til samfara, tók hana hálstaki og herti að þannig að hún náði ekki andanum. Missti hún meðvitund um stund.

**» Við ákvörðun refsingar í Hæstarétti var litið til þess að brotin voru mjög alvarleg.**

Við ákvörðun refsingar í Hæstarétti var litið til þess að brotin voru mjög alvarleg og lægi við hverju þeirra þung fangelsisrefsing. Þá hefði hann með brotum sínum rofið skilorð eldri dóms þar sem hann var sömuleiðis sakfelldur fyrir líkamsárás í garð konunnar. Var sá dómur tekinn upp og manninum gerð refsing í einu lagi fyrir öll brotin.

Með vísan til þess að maðurinn hefði með hrottafengnu framferði sínu brotið gróflega gegn persónu og frelsi konunnar var honum gert að greiða henni 3,5 milljónir króna í miskabætur. – ktd

CITROËN




# FRUMSÝNING

## NÝR CITROËN C3

**Yfir 25 alþjóðleg verðlaun**
**7" snertiskjár með Mirror Link GSM tengingu**
**Hlífðarklæðning á hliðum**

C3 LIVE BEINSKIPTUR FRÁ
**1.970.000 KR.**
C3 FEEL SJÁLFSKIPTUR FRÁ 2.520.000 KR.

Vindar breytinga blása nú um fjölbreytta bílalínu Citroën. Við kynnum nýjan Citroën C3, einstakan í útliti með stóru 300 lítra skotti og fáanlegur með hinni bráðsnjöllu Airbump hliðarklæðningu sem verndar fyrir hurðarskellum. Citroën C3 er hljóðlátur, búinn nýjustu kynslóð sparneytinna véla og er fáanlegur með nýrri 6 þrepa undurþýðri sjálfskiptingu sem gerir hann frábærlega skemmtilegan og mjúkan í akstri. Apple Car Play og Mirror Link tæknin, sem er fáanleg í SHINE útfærsluna, gerir þér kleift að spegla helstu forrit farsímans eins og t.d Google Maps á 7" snertiskjáinn. Komdu. Sýndu þig í Citroën.

citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*



**198** kr. stk.
**Íslenski fáninn**
50x70 cm

## Viðskiptavinir athugið

### Verslanir Bónus eru opnar 17. júní frá*

# 10:00 - 18:00

*Lokað í Kringlunni



**95** kr. stk.
**Íslenski fáninn**
30x46 cm

**169** kr. stk.
**Brjóstsykur Snuð**
70 g, margar tegundir

ÍSLENSK framleiðsla



**69** kr. 330 ml
**Pepsi eða Pepsi Max**
330 ml



32 stk. í kassa

**1.098** kr. ks.
**Prince Polo**
32x35 g

ÍSLENSK framleiðsla



Aðeins 89 kr. flaskan

**795** kr. pk.
**Pepsi Max**
9 x 500 ml

Aðeins 89 kr. flaskan

**795** kr. pk.
**Pepsi Max**
9 x 500 ml

## SAMA VERÐ UM LAND ALLT



Aðeins 69 kr. dósin

**414** kr. pk.
**Coca Cola Zero**
6 x 330 ml dósir

Aðeins 69 kr. dósin

**414** kr. pk.
**Coca Cola**
6 x 330 ml dósir



Tilbúið til SOUS VIDE eldunar

**3.998** kr. kg
**Íslandsnaut Fillet**
Ungnautakjöt



Tilbúið til SOUS VIDE eldunar

**3.998** kr. kg
**Íslandsnaut Ribeye**
Ungnautakjöt

Verð gildir til og með **18. júní** eða meðan birgðir endast

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




398 kr. 2x100 g

469 kr. 2x120 g

549 kr. 2x140 g

**Íslandsnaut Smash Style Hamborgarar**
2x100 g, 2x120 g og 2x140 g




119 kr. 2 stk.

**Smash Style Hamborgarabrauð**
2 stk. í pakka



## GOTT VERÐ Í BÓNUS




1.298 kr. kg

**Bónus Grísakótilettur**
Kryddaðar




1.598 kr. kg

**Kjarnafæði Lærissneiðar**
Sirloin, kryddaðar




2.798 kr. kg

**Íslandslamb Lambakótilettur**
Kryddaðar




2.598 kr. kg

**Íslandslamb Lærissneiðar**
1. flokkur, kryddaðar




2.298 kr. kg

**Norðanfiskur Laxaflök**
Beinhreinsuð, fersk

2.398 kr. kg

**Norðanfiskur Laxaflök**
Beinhreinsuð, fersk, krydduð

KJARNAFÆÐI




LAMBALÆRI MEÐ VILLTUM ÍSLENSKUM KRYDDJURTUM

1.479 kr. kg

**Kjarnafæði Heiðalamb**
Kryddað lambalæri

# BÓNUS EKKERT BRUÐL

**Opnunartími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

# Að gera eitthvað



Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is

Ef marka má umræðuna mætti stundum ætla að hægt hefði verið að afstýra falli fjármálakerfisins 2008 ef viðskiptabankastarfsemi og fjárfestingarbankastarfsemi bankanna hefði verið aðskilin. Svo er auðvitað ekki. Pólitísk umræða um þetta flókna viðfangsefni hefur yfirleitt liðið fyrir það að oftar en ekki hefur verið afar óljóst hver eigi að vera skilin þarna á milli ef ráðist yrði í slíka uppstokkun. Skýrsla sem starfshópur fjármálaráðherra kynnti í vikunni um þetta álitamál er því gagnlegt innlegg til að skýra betur mörkin á milli þessara starfssviða.

Starfshópurinn útlistar þrjár leiðir til að svara þeirri spurningu hvort þörf sé á frekari kerfisbreytingum til að takmarka áhættu af fjárfestingarbankastarfsemi alhliða banka. Í fyrsta lagi að áfram verði byggt á þeim kerfisumbótum sem gerðar hafa verið á starfsumhverfi fjármálafyrirtækja. Önnur leiðin – og sú róttækasta – snýr að því að aðskilja starfsemi viðskipta- og fjárfestingarbanka með formlegum hætti, líkt og gert hefur verið í Þýskalandi og Frakklandi, með bannreglum. Þá er að lokum lagt til að heimila „hóflega fjárfestingarbankastarfsemi“ þar sem hún færi ekki yfir ákveðið hlutfall af heildarstarfsemi.

Skýrslan dregur fram þær gríðarmiklu breytingar sem hafa orðið á regluverki fjármálafyrirtækja á umliðnum árum. Bankakerfið í dag á lítið sameiginlegt með því sem féll 2008. Búið er að herða reglur verulega um eignarhluti í óskyldum rekstri, skorður hafa verið settar á skuldsetningu og stórar áhættuskuldbindingar, bann er við lánveitingum með veði í eigin bréfum, strangar takmarkanir á lánafyrirgreiðslur til tengdra aðila, reglur um bónusa eru þær ströngustu í Evrópu, kröfur um eigið fé og lausafjárreglur hafa verið hertar stórkostlega og innstæðuvernd aukin til muna.

Allar þessar lagabreytingar eiga það sammerkt að miða að því að bankakerfið sé sjálfbært þannig að skuldbindingar þess lendi ekki á herðum ríkissjóðs eða almennings – heldur hluthöfum og kröfuhöfum – ef í harðbakkann slær. Þessu markmiði hefur að stórum hluta verið náð. Það vill stundum gleymast að hefðbundin útlánastarfsemi er ekki síður áhættusöm en fjárfestingarbankastarfsemi og átti hvað ekki síst þátt í falli bankanna. Jón Daníelsson, hagfræðingur við LSE, hefur bent réttilega á, eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær, að bankar verða allajafna gjaldþrota af þremur ástæðum: „Fasteignum, lánum til lítilla fyrirtækja og lánum til ríkisstjórna. Öll þessi atriði eru á sviði viðskiptabanka á meðan fjárfestingarbankastarfsemi skapar mikið af hagnaðinum án þess að auka líkur á gjaldþroti.“

Stærsti vandi bankanna er léleg arðsemi og skortur á virkum eigendum. Þetta tvennt helst í hendur og stafar af því að ríkið – ásamt kröfuhöfum slitabúa – hefur verið eigandi að nánast öllu bankakerfinu frá 2009. Þetta er fráleit staða sem felur í sér áhættu fyrir skattgreiðendur. Í stað þess að stjórnvöld hrindi af stað tímabærum breytingum á eignarhaldi bankanna, og endurheimti þá um leið þá 500 milljarða sem ríkið er með bundið þar sem eigið fé, fer tíminn í marklausa umræðu um aðskilnað viðskipta- og fjárfestingarbanka. Af því að ráðamenn, sem telja sig þurfa að svara óskilgreindri kröfu almennings um að „gera eitthvað“, eru fastir í baksýnisspeglinum að reyna að koma í veg fyrir síðasta bankahrun.

**Hefðbundin útlánastarfsemi er ekki síður áhættusöm en fjárfestingarbankastarfsemi.**





Mundir þú eftir að bursta og skola í morgun?
GUM eru hágæða tannvörur
... fæst í næsta apóteki og helstu stórmörkuðum
allar upplýsingar á www.icecare.is


## Halldór




## Frá degi til dags

**Áhrifakonur**
**Viðskiptablaðið gaf út sérblað í gær um áhrifamestu konur Íslands. Ýmsir urðu til að gagnrýna blaðið og sögðu það bæði niðurlægjandi fyrir konur og tímaskekkju. Á sama tíma birti Kjarninn tíu staðreyndir um ójöfn völd og áhrif kynjanna á Íslandi. Þar kemur fram að konur eru einungis fjórðungur stjórnarmanna í fyrirtækjum landsins, lög um kynjakvóta í stjórnum fyrirtækja eru hunsuð og 91 prósent þeirra sem stýra fjármálafyrirtækjum landsins eru karlar. Öllum skráðum félögum á Íslandi er stýrt af körlum. Sama hvað hverjum kann að finnast um sérblaðið Áhrifakonur þá er staða kvenna í atvinnulífinu svona tíu sinnum meira niðurlægjandi en upphafning þeirra sem þó eru fyrir á fleti.**

**Frú ráðherra**
**Aðeins einn ráðherra í ríkisstjórninni kemst á blað yfir tíu áhrifamestu konur landsins. Það er Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra. Viðskiptablaðið tiltekur ekki helstu ástæðuna fyrir því að Þórdís Kolbrún er talin áhrifameiri ráðherra en aðrar konur í ríkisstjórninni. Staðan er hins vegar sú að fátt bendir til annars en að Þórdís verði varaformaður Sjálfstæðisflokksins í haust á sjálfan þrítugsafmælisdag sinn 4. nóvember næstkomandi.**

**snaeros@frettabladid.is**

# Eigum við að hætta að nota hjólið?



Þórir Stephensen
fv. dómkirkjuprestur og staðarhaldari í Viðey

Síðustu dagana hef ég tvisvar séð fréttir af því að „dekk“ hafi losnað undan farartækjum og valdið meiðslum að mig minnir. Í annað skiptið var það „dekk“ á reiðhjóli, í hitt skiptið „framdekk“ á sjúkrabíl. Mig rak í rogastans. Uppfinning hjólsins fyrir meira en 5.500 árum hefur verið talin meðal notamestu tækninýjunga veraldarsögunnar og tæknimenning okkar byggir mikið á þessari gömlu og góðu uppgötvun. Þess vegna ofbýður mér, þegar fréttamenn 21. aldarinnar virðast ekki vita, hvað hjól er. Dekk er orð sem málið hefur samþykkt í staðinn fyrir orðið hjólbarði. En það er ekki hjól. Dekk er sérbúinn gúmmíhringur sem settur er utan um hjól á farartæki og yfirleitt fylltur lofti til að gera akstur á hjólinu þægilegri. Á reiðhjóli köllum við hjólhringinn gjörð, en á bifreið gjarnan felgu, sem er íslenskun á danska orðinu „fælge“. Það er held ég sárasjaldgæft að dekk fari af felgu eða gjörð farartækis á ferð. Enda voru fréttamennirnir ekki að segja okkur satt í ofannefndum tilvikum. Það sem fór af farartækjunum var felga/gjörð + dekk = hjól.

Annað þessu óskylt, en þó varðandi málfar, sá ég í dag, 13. júní. Þar var talað um að láta andstæðinga Íslands í íþróttum „bíta í gras“. Hið rétta orðalag er að láta menn „lúta í gras“. Þar að auki hef ég aldrei fyrr heyrt eða séð, að menn „bíti í gras“, hitt er lenskan, að skepnur „bíti gras“, sbr. grasbítir. Í knattleikjum ýmsum tala fréttamenn einnig oft um „samstuð“. Þetta er úr dönskunni, „sammenstød“, en á fallegri íslensku heitir þetta „árekstur“.

Svo ég ljúki þessu með fáeinum orðum er snerta farartæki á hjólum, langar mig að minna á gamalt og gott nafn á orðinu „stuðari“ á bifreið, en það var í sumra munni „þormur“, komið af sögninni að þyrma. Danir eiga reyndar enn skemmtilegra orð „kofanger“, sem Bogi Ólafsson yfirkennari mun hafa þýtt með hinu dásamlega orði „stórgripaskör“.

**Dekk er orð sem málið hefur samþykkt í staðinn fyrir orðið hjólbarði. En það er ekki hjól.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@frettabladid.is, Hrund Þórsdóttir hrund@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, ritstjorn@frettabladid.is ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson tinni@365.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is MENNING: Magnús Guðmundsson magnus@frettabladid.is LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir gudnyhronn@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson villi@365.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Að þekkja hvorki sverð né blóð

Í DAG



Þórlindur Kjartansson

Víðast hvar eru hersýningar ómissandi hluti af hátíðarhöldum sem tengjast frelsi og sjálfstæði þjóða. Þetta er í senn skiljanlegt og óhugnanlegt. Það er skiljanlegt að þjóðir vilji halda á lofti minningu þeirra sem hafa fallið í þágu þjóðar sinnar; en stöðug áminning um ógn ófriðarins og eyðileggingarmátt stríðstólanna er líka ískyggileg og ögrandi. Þegar Íslendingar lýstu yfir fullu sjálfstæði árið 1944 var engin hersýning, heldur var efnt til ljóðasamkeppni.

Þetta gæti verið gott að hafa í huga nú þegar ríkislögreglustjóri boðar áframhaldandi sýnilegan vopnaburð sérsveitarmanna á fjöldasamkomum—eins og 17. júní á morgun.

**Friðsæl þjóð**

Þegar Ísland lýsti yfir sjálfstæði sínu undir lok síðari heimsstyrjaldarinnar þá var sú gæfa að hafa að mestu sloppið við þær hamfarir ofarlega í huga margra Íslendinga. Annað sigurljóðið í ljóðasamkeppninni, sem æ síðan hefur verið einn hjartfólgnasti ættjarðaróður Íslendinga, inniheldur kaflann „Hver á sér fegra föðurland“. Þar er friðurinn skáldkonunni Huldu einmitt mjög hugleikinn og þakklæti fyrir að á Íslandi séu „friðsæl býli, ljós og ljóð. Svo langt frá heimsins vígaslóð.“

Þá var heimurinn hættulegur. Miklum mun hættulegri en nú. Og það má kallast kraftaverk að Íslendingum hafi tekist að verða að sjálfstæðri þjóð án átaka og blóðsúthellinga. Þvert á móti má eiginlega segja; því á meðan fjölmargar þjóðir þurftu að berjast fyrir tilvist sinni í ljótleika stríðs þá var það fegurðin sem gerði Ísland sjálfstætt. Sjálfstæði okkar grundvallaðist á friðsæld, virðingu fyrir náttúrunni, ljóðunum og bókmenntunum.

**Friðsælt þjóðarstolt**

Það að vera stoltur Íslendingur er ekki síst að vera bæði þakklátur og stoltur yfir þeirri staðreynd að við erum friðsöm þjóð og að þetta land er það friðvænlegasta á gervallri jarðarkringlunni.

Í því stolti felst meðal annars sú mynd af íslenskum lögregluþjóni að hann sé að jafnaði friðarstillir og mannasættir en beiti ekki valdi nema í ítrustu neyð og þá af hófstillingu og með semingi. Það er enda þannig að íslenska lögreglan nýtur mikils almenns trausts og virðingar.

Fjölmörgum Íslendingum brá því verulega í brún síðustu helgi þegar myndir birtust af sérsveitarmönnum úr lögreglunni með skammbyssur í beltunum og margir hafa verið mjög hugsi yfir yfirlýsingum ríkislögreglustjóra um að gera megi ráð fyrir áframhaldi á sýnilegum vopnaburði.

Annars vegar hljóta flestir að vera hikandi við að þykjast vita betur en lögreglan hvort slík stefnubreyting sé vitræn; en hins vegar skynjum við að með þessari ákvörðun er ákaflega mikilvægu gildi í íslensku samfélagi stefnt í hættu og skarð hoggið í einn af hornsteinum þjóðarstoltsins.

**Stígur háll**

Það er líklega ekki umdeilt að lögreglan á Íslandi þarf að hafa aðgang að vopnum og að tryggja þurfi að sá vopnabúnaður sé nægilega öflugur til þess að lögreglan hafi ávallt yfirburði gagnvart glæpamönnum og öðru misindisfólki. Enn fremur hljóta stjórnvöld að bregðast við síendurteknum viðvörunum lögreglufólks sem segir að starfskjör og aðstæður fæli gott fólk frá þessum mikilvægu störfum.

En samt sem áður er erfitt að verjast þeirri tilhugsun að sýnilegur vopnaburður lögreglu núna gæti orðið forsmekkur að varanlegri breytingu—jafnvel þótt enginn kannist við að slíkt sé í farvatninu nú. Þess vegna eru mikil viðbrögð við sýnilegum vopnaburði ekki stormur í vatnsglasi, heldur eðlileg og réttmæt viðbrögð og ákall um að mjög varlega sé stigið til jarðar í framhaldinu. Við höfum séð fordæmin víða um heim þar sem lögreglan hefur smám saman vígvæðst og þar með fjarlægst þann almenning sem henni er ætlað að þjóna og vernda. Sem betur fer er langt frá því að hafa þurfi raunverulegar áhyggjur af slíku hér á landi en fordæmin hræða.

**Þetta er okkar mál**

Eitt sjónarmið sem hefur verið áberandi undanfarna daga er að það sé óviðurkvæmilegt að gagnrýna ákvörðun ríkislögreglustjóra. Jafnvel að það sé á einhvern hátt barnalegt að leyfa sér að hafa efasemdir um það hvort ákvörðunin um sýnilegan vopnaburð sé rétt. En þar er líka vegið að öðrum þætti þjóðarstoltsins—við höfum jafnan álitið sjálfstæði einstaklinganna og sjálfstæða hugsun vera mikilvægan eiginleika íslensku þjóðarinnar. Við erum ekki vön því að láta okkur duga svarið: „Þér kemur það ekki við.“

Þar að auki mættu þeir, sem ekki þykjast skilja áhyggjur fólks af stefnubreytingunni, velta fyrir sér þeirri spurningu hvort það sé sérstakt þroskamerki hjá einstaklingi eða samfélagi að samþykkja í blindni dómgreind yfirvalds; hvort sem maður hefur traust á því eða ekki.

Ísland er friðsæl þjóð þótt enginn sé svo barnalegur að halda að glæpir eða voðaverk geti ekki átt sér stað hér eins og annars staðar. En það er líka óþroskað að gera of mikið úr þeirri áhættu og skaða að óþörfu mikilvæg gildi samfélagsins—þau hin sömu og sjálfstæði okkar og þjóðarstolt byggjast á.



## Vel á verði í markinu



**Jafnt í Grafarvoginum** Fjölnir og Víkingur Ó. gerðu 1-1 jafntefli á Extra-vellinum í Grafarvogi í 7. umferð Pepsi-deildar karla í gærkvöldi. Guðmundur Steinn Hafsteinsson kom Ólsurum yfir á 12. mínútu en Ingimundur Níels Óskarsson jafnaði metin þremur mínútum síðar. Þetta var fyrsta stig Víkinga síðan í 3. umferð en þrátt fyrir það eru þeir enn á botni deildarinnar. Fjölnir er hins vegar í 9. sætinu með átta stig. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Ótrúlegir fimm dagar Anítu

**Aníta Hinriksdóttir bætti eigið Íslandsmet í 800 metra hlaupi um níu sekúndubrot á Demantamóti í Ósló í gær. Hlaupið var sterkt og reynslan því afar mikilvæg fyrir Anítu sem er með nóg af verkefnum í sumar.**

**FRJÁLSAR** Aníta Hinriksdóttir er greinilega í frábæru formi þessa dagana. Í gær sló Aníta Íslandsmetið í 800 metra hlaupi á Demantamóti Ósló í Noregi þegar hún kom í mark á 2:00,05 mínútum. Aníta bætti eigið Íslandsmet, sem hún setti á Ólympíuleikunum í Ríó í fyrra, um níu sekúndubrot.

Aníta sló þarna sitt annað Íslandsmet á aðeins fimm dögum en á sunnudaginn sló hún 30 ára gamalt Íslandsmet í 1500 metra hlaupi á móti í Hollandi.

Hlaupið í Ósló í gær var stjörnum prýtt en til marks um það voru þrjár efstu í hlaupinu þær sömu og lentu í þremur efstu sætunum í 800 metra hlaupinu á Ólympíuleikunum í fyrra.

„Að komast inn í svona hlaup er rosalega mikilvægt upp á framhaldið; að hafa mætt þessum bestu,

> **2**
>
> *Aníta sló tvö Íslandsmet, í 800 og 1500 metra hlaupi, á aðeins fimm dögum.*

helst nokkrum sinnum áður en þú ferð á stórmót,“ sagði Gunnar Páll Jóakimsson, fyrrverandi þjálfari Anítu, í samtali við Fréttablaðið í gærkvöldi.

„Í hlaupinu voru fimm sem voru í úrslitum á Ólympíuleikunum og ein þeirra, Lindsey Sharp, varð á eftir Anítu. Þannig að þetta var ofboðslega sterkt og gaman að hún hafi fengið tækifæri því það er hart barist um að komast í þessi hlaup.“




Aníta endaði í 6. sæti í hlaupinu í gær. Að sögn Gunnars Páls var það afar vel útfært hjá henni.

„Öfugt við heims- og Evrópumót, þá erum við með það sem við köllum héra sem heldur upp hraðanum. Aníta staðsetti sig mjög vel. Þú reynir að fljóta með og eyða sem minnstri orku,“ sagði Gunnar Páll og bætti við að Aníta væri alltaf að öðlast meiri reynslu í taktíska þættinum.

„Hún þarf að komast inn á þessi mót til að stíga skref fram á við. Hún nýtti þetta tækifæri vel.“

Síðustu mánuðir hafa verið viðburðaríkir hjá Anítu, eða frá því hún setti Íslandsmetið á Ólympíuleikunum í Ríó. Aníta gerði frábæra hluti á EM innanhúss í Belgrad í mars og náði þar í brons. Og núna hefur hún slegið tvö Íslandsmet á innan við viku.

„Þetta hefur gengið alveg lygilega vel. Það er ekkert sjálfgefið að halda áfram að taka þessi skref. Hún hefur unnið sig upp jafnt og þétt og þetta er mjög jákvætt,“ sagði Gunnar Páll.

Sumarið er bara rétt að byrja hjá Anítu. Á sunnudaginn keppir hún á öðru Demantamóti í Stokkhólmi og fram undan er svo EM U-23 ára í Póllandi og HM í London.

Gunnar Páll segir að það styttist í að Aníta brjóti múrinn og hlaupi undir tveimur mínútum.

„Þegar maður er búinn að hlaupa á svipuðum tíma getur þetta allt í einu dottið fyrir mann. Það hlaup gæti allt eins komið á sunnudaginn. Hún hefur að mínu mati getað það lengi. En það má ekki vera of mikið stress að hugsa um það. Ef þetta heldur svona áfram kemur þetta á endanum,“ sagði Gunnar Páll að lokum. ingvithor@365.is






## Nýjast

**Pepsi-deild karla**

**ÍBV - KR 3-1**
1-0 Andri Ólafsson (8.), 2-0 Sindri Snær Magnússon (40.), 2-1 Tobias Thomsen (42.), 3-1 Sindri Snær (47.).

**Fjölnir - Víkingur Ó. 1-1**
0-1 Guðmundur Steinn Hafsteinsson (12.), 1-1 Ingimundur Níels Óskarsson (15.).

**Stjarnan - Víkingur R. 1-2**
0-1 Alex Freyr Hilmarsson (15.), 1-1 Jóhann Laxdal (16.), 1-2 Ragnar B. Sveinsson (73.).

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Valur | 16 | ÍBV | 10 |
| Grindavík | 14 | Breiðablik | 9 |
| Stjarnan | 13 | Fjölnir | 8 |
| KA | 12 | KR | 7 |
| FH | 10 | ÍA | 4 |
| Víkingur R. | 10 | Víkingur Ó. | 4 |

**Inkasso-deildin**

**Þór - Grótta 2-0**
1-0 Ármann Pétur Ævarsson (52.), 2-0 Aron Kristófer Lárusson (72.).

**Fylkir - Fram 2-0**
1-0 Hákon Ingi Jónsson (45.), 2-0 Ásgeir Örn Arnþórsson (61.).

**Haukar - HK 2-1**
1-0 Aron Jóhannsson (68.), 1-1 Ingiberg Ólafur Jónsson (77.), 2-1 Björgvin Stefánsson, víti (80.).

**SÁ ÞRIÐJI DÝRASTI Í SÖGUNNI** Everton gerði Jordan Pickford að þriðja dýrasta markverði sögunnar þegar félagið keypti hann af Sunderland í gær. Everton borgaði 25 milljónir punda fyrir Pickford en sú upphæð gæti hækkað upp í 30 milljónir. Pickford stóð sig vel í rammanum hjá Sunderland á síðasta tímabili, þrátt fyrir að liðið hafi fallið með hvelli. Pickford er 23 ára og hefur leikið fjölda leikja fyrir yngri landslið Englands og verið valinn í A-landsliðið.

**FARA TIL KRÓATÍU MEÐ SIGRI** Eftir úrslit gærdagsins í undankeppni EM 2018 er ljóst að Ísland kemst í lokakeppnina í Króatíu með sigri á Úkraínu á sunnudaginn. Íslendingar fara þá áfram sem liðið sem er með bestan árangur í 3. sæti riðlanna sjö í undankeppninni. Íslenska liðið getur líka náð 2. sætinu í riðlinum. Til að það gerist þarf Ísland að vinna Úkraínu og treysta á að Tékkland vinni Makedóníu í Skopje á sama tíma.



## Í dag

**Sportrásirnar**

| | | |
|---|---|---|
| 17.00 | US Open | Golfstöðin |
| 19.05 | Breiðablik - KR | Sport |
| 19.05 | ÍR - Keflavík | Sport 2 |
| 20.00 | Meijer LPGA | Sport 4 |
| 21.15 | Teigurinn | Sport |
| 22.15 | 1á1: Glódís Perla | Sport |

**Pepsi-deild kvenna**
18.00 Fylkir - ÍBV
18.00 Þór/KA - Grindavík
19.15 Haukar - KR
19.15 Breiðablik - Stjarnan
19.15 Valur - FH

**Inkasso-deildin**
19.15 ÍR - Keflavík


Grillað grænmeti
SMÁTÓMATAR
1 Þræðið upp á spjót.
2 Penslið með mangó chutney og grillið þar til brúnast.
Grillaðu grænmeti eins og meistari með hjálp myndbandanna okkar á
islenskt.is
ÞÚ VEIST HVAÐAN ÞAÐ KEMUR
íslenskt grænmeti

# Írinn kjaftfori sem sigraði heiminn

**Írinn Conor McGregor verður orðinn milljarðamæringur í lok sumars. Fyrir rúmum fjórum árum var hann á atvinnuleysisbótum. Haraldur Dean Nelson var fyrsti umboðsmaður Conors og hjálpaði honum mikið. Írinn fékk að búa í kjallaranum hjá Haraldi.**

Henry Birgir Gunnarsson
henry@frettabladid.is





Ofurstjarna. Á ótrúlegum skömmum tíma hefur Conor McGregor orðið stórstjarna og einn ríkasti íþróttamaður heims. Hann er ekki bara einn ríkasti íþróttamaður heims í dag heldur er hann líka einn sá vinsælasti. Conor elskar Ísland og mun örugglega halda áfram að koma hingað NORDICPHOTOS/GETTY

**MMA** „Conor kom fyrst til Íslands árið 2012 og ég þurfti að skrifa bréf fyrir hann til írskra yfirvalda svo hann myndi ekki missa bótaréttinn í heimalandinu á meðan hann æfði á Íslandi,“ segir Haraldur Dean Nelson, faðir Gunnars Nelson og framkvæmdastjóri Mjölnis, er hann rifjar upp fyrstu Íslandsferð Conors McGregor. Írans sem hefur lagt UFC-heiminn að fótum sér á mettíma og mun í lok ágúst verða milljarðamæringur er hann mætir Floyd Mayweather í hnefaleikabardaga.

### Af bótum í milljarða tekjur á fimm árum

Sá bardagi verður einn verðmætasti bardagi sögunnar. Conor, sem var atvinnulaus á bótum fyrir fimm árum síðan, mun þá fá á milli sjö til tíu milljarða króna í sinn hlut. Stjarnfræðileg upphæð og óhætt að segja að líf hans hafi breyst mikið á örhraða því hann hefur í millitíðinni einnig náð að vinna tvo heimsmeistaratitla hjá UFC-bardagasambandinu. Fyrstur allra hjá UFC til að gera það.

„Ég hafði kynnst Conor áður úti á Írlandi er Gunni var að æfa og keppa úti. Hann gisti fyrst í kjallaranum hjá mér og svo flutti hann í íbúð á Bárugötunni þar sem Gunni og Jón Viðar [formaður Mjölnis] bjuggu,“ segir Haraldur en það þurfti stundum að kaupa samlokur og annað fyrir Conor og aðra stráka sem komu frá Írlandi og höfðu lítið á milli handanna. Hvernig leist honum samt á Conor er hann kynntist honum fyrst?

### Hafði alltaf mikla trú á sér

„Hann var, og er, ör týpa. Hafði ofboðslega trú á sjálfum sér. Mér leist ofboðslega vel á hann. John Kavanagh [þjálfari Conors og Gunnars] hafði mikið talað um hann við mig. Ég vissi að hann væri að standa sig vel og lofaði góðu,“ segir Haraldur og hlær við. Á þeim tíma var Conor að pakka mönnum saman í Cage Warriors bardagaröðinni. Haraldur byrjaði þá að skrifa bréf til UFC og benda þeim á þennan efnilega Íra. Haraldur var þá í sambandi við Joe Silva og Sean Shelby sem sáu um að raða upp bardögum fyrir UFC.

„Ég sendi UFC myndband af því er Conor rotar Ivan Buchinger í Cage Warriors og var þar með kominn með tvö belti hjá þeim. Þetta er í byrjun árs 2013 og það leið nokkur tími án þess að við heyrðum frá UFC. Við John erum svo staddir á Vegamótum er Shelby hringir í mig til að segja mér að þeir vilji að Conor keppi við Marus Brimage í Stokkhólmi. John stekkur út til þess að hringja í Conor því hann var leiður yfir því að hafa ekki fengið nein viðbrögð frá UFC. Conor hoppaði auðvitað hæð sína af gleði er hann fékk tíðindin,“ sagði Haraldur sem gerði síðan fyrsta samning Conors við UFC um nóttina. Hann segist ekki geta gleymt gleðinni hjá Íranum er hann var með hann í símanum að keyra Miklubrautina á leið heim.

### Einstakur ruslakjaftur

Írski vélbyssukjafturinn hefur mikið æft á Íslandi í gegnum tíðina og meðal annars fengið belti í jiu jitsu hjá Mjölni. Hann elskar að æfa á Íslandi og var einmitt á Íslandi fyrir rúmu ári er hann sagðist mjög óvænt vera hættur hjá UFC. Þá fór allt á hvolf en sem betur fer snerist Conor hugur.

„Conor varð strax mjög hrifinn af Íslandi. Hérna troðum við alltaf hákarli og sviðum í útlendingana en Conor elskar svið. Borðaði þau með bestu lyst. Hann elskar flest við landið.“

> **Conor varð strax mjög hrifinn af Íslandi. Hérna troðum við alltaf hákarli og sviðumí útlendinga en Conor elskar svið.**
>
> Haraldur Dean Nelson

Það er ekki bara hversu frábær bardagamaður Conor er sem gerir hann að einni stærstu íþróttastjörnu heims. Hann hefur einstakan persónuleika sem fólk annaðhvort elskar eða hatar. Hann rífur mikið kjaft en stendur nær alltaf við stóru orðin. Hann er besti ruslkjafturinn í íþróttum síðan Muhammad Ali var upp á sitt besta en á móti kemur að hann virðist eyða peningum með sama stæl og Mike Tyson. Fólkið í heimalandi hans elskar Conor sem er öllum innblástur þar.

„Það er gaman þegar hann stelur línunum hans Alis og býr til sínar eigin sem eru góðar. Það er ógleymanlegt er hann náði ekki að standa við stóru orðin gegn Dennis Siver og rota hann í fyrstu lotu. Hann klappaði fyrir Siver eftir lotuna og rotaði hann bara í næstu,“ segir Haraldur og hlær.

### Conor mun rota Floyd

Heimurinn mun fylgjast með er Conor reynir hið ómögulega þann 26. ágúst. Að rota einn besta hnefaleikamann allra tíma í sínum fyrsta boxbardaga. Mayweather hefur unnið alla 49 bardaga sína en hætti fyrir tveimur árum og er orðinn fertugur. Þrátt fyrir það segja margir sérfræðingar að Conor eigi ekki möguleika en Haraldur hefur trú á sínum manni.

„Það væri furðulegt að spá Mayweather ósigri miðað við flestar forsendur en hann er ekkert að fara að mæta hverjum sem er. Ég segi að Conor vinni þennan bardaga. Ég geri það ekki út í bláinn. Ég held að Conor henti Mayweather illa. Er stærri og örvhentur sem Mayweather á í vandræðum með. Conor er líka með furðulegan stíl. Ég er ekki viss um að Floyd hafi verið sleginn af svona þungri vinstri hendi áður. Ég held að Conor muni koma á óvart og rota hann,“ segir Haraldur ákveðinn.

# Fékk milljón fyrir fyrsta bardagann

**MMA** Conor McGregor er í 24. sæti yfir launahæstu íþróttamenn heims á síðasta ári og hann mun rjúka upp þann lista á næsta ári. Hann mun nefnilega fá á milli sjö til tíu milljarða króna fyrir bardaga sinn við Floyd Mayweather. Meira en hann mun fá fyrir feril sinn hjá UFC.

Það er óhætt að segja að hann hafi hækkað mikið í launum síðan Haraldur Dean Nelson gerði fyrsta samning hans við UFC.

„Ég held ég fari rétt með að ég hafi samið um að hann fengi 10 þúsund dollara fyrir bardagann. Það var góður samningur því UFC vildi aðeins borga sex til átta þúsund dollara,“ segir Haraldur en það gerir rúma milljón á gengi dagsins. Conor átti svo að fá 10 þúsund í viðbót ef hann ynni bardaga.

„Fyrsti samningurinn var upp á fimm bardaga. Við höfðum ekki áhyggjur af því þar sem við vissum að UFC myndi vilja gera nýjan samning er Conor væri búinn að sanna sig þar. Það gekk eftir.“

Haraldur segist ekki hafa séð fyrir á þessum tímapunkti að Conor myndi nokkrum árum síðar fá milljarða fyrir að berjast.

„Auðvitað ekki. Ég var bara að hjálpa honum og fleiri strákum því ég var vinur þeirra. Ég vissi samt alltaf að Conor myndi slá í gegn hjá UFC. Af því hann er eins og hann er og af því hann er svo góður bardagamaður. Maður veit samt aldrei en ég hafði trú á því að hann myndi slá í gegn. Ég sá samt ekki fyrir að á tveim til þrem árum yrði hann stærsta stjarnan í sögu UFC og tæki yfir þessa sýningu.“



Haraldur ásamt Conor og Peter Queally.

HÚSASMIÐJAN blómaval

# TILBOÐSVEISLA

TAKTU TVÖ SUMARBLÓM AF SÖMU TEGUND OG BORGAÐU FYRIR EITT




OPIÐ í Skútuvogi 17. júní kl 10-18

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana. Gildir ekki með öðrum tilboðum.

## 90 ára afmæli



**Ásgeir Valhjálmsson**
tæknifræðingur,
fyrrv. forstjóri Atlas í Borgartúni,

verður 90 ára þann 16. júní. Áfanganum mun Ásgeir fagna með vinum og velunnurum á VoxHome, Suðurlandsbraut 4, föstudaginn 16. júní kl. 16-19.

Ásgeir afþakkar afmælisgjafir en tekur heilshugar á móti góðum kveðjum og vonast til að sjá sem flesta gleðjast með sér þennan dag.

# Jónsmessuhátíðin eins og eitt stórt ættarmót

**Jónsmessuhátíðin á Hofsósi er haldin í fimmtánda skipti um helgina. Sama nefndin hefur séð um skipulagninguna allt frá upphafi en nefndarmenn segja að ef ekki væri fyrir samhug bæjarbúa væri engin hátíð. Og fólk flykkist í bæinn til að fagna með bæjarbúum.**

Jónsmessuhátíð á Hofsósi, sem haldin er í fimmtánda skipti um helgina, hefur fyrir löngu fest sig í sessi.

„Þetta er eins og eitt stórt ættarmót,“ segir Guðrún Þorvaldsdóttir, sem er einn skipuleggjendanna og hefur verið frá upphafi hátíðarinnar. Auk hennar hafa þeir Kristján Jónsson, Bjarni Þórisson og Sigmundur Jóhannesson annast umsjón undanfarin fimmtán ár.

„Við erum fjögur sem höfum séð um að sitja í nefndinni öll árin. Þetta kom þannig til að við tókum þátt í verkefninu Breytum byggð, sem var í gangi hér í bænum, og var óhemju góð þátttaka meðal bæjarbúa. Í lokin tók við hópavinna og þar tók hver hópur fyrir sig eitthvað sérstakt. Við fjögur fengum þá þessa hugmynd að búa til hátíð og það má segja að samstarfið hafi gengið gríðarlega vel, hér erum við



enn,“ segir Guðrún. Hún segir jafnframt að gott samstarf við félögin í bænum og fólkið á svæðinu skipti lykilmáli og segir röggsamlega: „Ef ekki væri fyrir að allir hjálpuðust svona mikið að þá væri hér engin hátíð.“

Allur ágóðinn sem verður til við hátíðarhöldin verður eftir í bænum. Hann rennur aftur til félaganna á svæðinu. Aftur í fótboltafélagið, Lions, björgunarsveitina og til eldri borgaranna sem standa vaktina í kjötsúpusölunni.

Svo höfum við í þessi fimmtán ár getað stutt við fólk sem tengist svæðinu, sem lent hefur í slysum eða veikindum. Við höfum getað lagt mörgum lið og það er ofboðslega gott,“ útskýrir hún stolt.

Af nægu er að taka á hátíðinni sem sett verður í kvöld. Herlegheitin hefjast með Jónsmesugöngu. Eldri borgarar taka svo við og skenkja kjötsúpu og svo verður kvöldvöku slegið upp. **gudnyhronn@365.is**

---



✝



Hugheilar þakkir fyrir samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns föður okkar, tengdaföður og afa,

**Péturs Sigvaldasonar**
bónda,
Klifshaga 2, Öxarfirði.

Innilegar þakkir til starfsfólks á Skógarbrekku á Húsavík.

**Unnur Sigurðardóttir**
**Aðalheiður Pétursdóttir** **Guðni Þórólfsson**
**Sigvaldi Pétursson**
**Stefán Pétursson** **Guðlaug Anna Ívarsdóttir**
**Ingimar Pétursson**
**og afabörn.**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Magnús Sigurðsson**
Víðivöllum 6, Selfossi,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurlands mánudaginn 12. júní. Útförin fer fram frá Selfosskirkju fimmtudaginn 22. júní kl. 13.00.

**Aðalheiður Björg Birgisdóttir**
**Þorsteinn Magnússon** **Þóra S. Jónsdóttir**
**Íris Björk Magnúsdóttir** **Jón Ari Guðbjartsson**
**Ólöf Ósk Magnúsdóttir** **Steindór Guðmundsson**
**Helga Skúla Magnúsdóttir** **Arnar Þór Sveinsson**
**Ólöf Kristjánsdóttir**

---

✝



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Margrét Guðjónsdóttir**
Löngulínu 2a, Garðabæ,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Eir 6. júní sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir eru til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Eirar fyrir einstaka umönnun. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Barnaspítala Hringsins.

**Haukur Sveinbjarnarson**
**Anna Jóna Hauksdóttir** **Matthías Ottósson**
**Sveinbjörn Grétar Hauksson**
**Snorri Hauksson**
**Sigríður Hauksdóttir** **Anton Pjetur Þorsteinsson**
**Haukur Hauksson** **Thi Uyen Le**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Elskuleg dóttir mín, systir, mágkona og frænka,

**Aldís Sigurðardóttir**
þjóðfræðingur,
Mosfellsbæ,

er látin. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknardeildina í Kópavogi.

**Lillý Sigríður Guðmundsdóttir**
**Birna Mjöll Sigurðardóttir**
**Bjarki Sigurðsson** **Anna Jódís Sigurbergsdóttir**
**Guðrún Eva Bjarkadóttir** **Davíð Jónsson Kratsch**
**Viktor Örn Davíðsson**
**Jón Arnar Davíðsson**
**Gústaf Orri Bjarkason**
**Harpa Líf Bjarkadóttir**

---

✝



**Bjarni Eiríksson**
lögmaður,

lést mánudaginn 12. júní. Jarðarför auglýst síðar.

**Brynja Bjarnadóttir**
**Lára V. Albertsdóttir**
**Eiríkur Bjarnason**
**Auðun Eiríksson** **Mona Hitterdal**

---

✝



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, vináttu og hlýju vegna andláts ástkærrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Guðlaugar Elsu Jónsdóttur**
frá Hrísey.

**Sigurgeir Stefán Júlíusson**
**Stefán Jón Heiðarsson** **Sigríður Gunnarsdóttir**
**Heimir Sigurgeirsson** **Gunnhildur Anna Sigurjónsd.**
**Lovísa María Sigurgeirsd.** **Einar Arngrímsson**
**Guðbjörg Sigurgeirsdóttir** **Sturla Þengilsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ættmóðir okkar,

**Sigurlaug A. Stefánsdóttir**

verður jarðsungin frá Þorlákskirkju í Þorlákshöfn þriðjudaginn 20. júní 2017 kl. 10.30.

**Hildur Gunnarsdóttir** **Jóhannes Jónsson**
**Áslaug Þorsteinsdóttir**
**Stefán Gunnarsson** **Helga Sigurbjörnsdóttir**
**Ágústa Gunnarsdóttir** **Leigh Woods**

---

✝



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, dóttir og tengdadóttir,

**Jóna Kristín Baldursdóttir**

lést á líknardeild LSH 10. júní. Útför hennar fer fram frá Fíladelfíu, Hátúni 2 Reykjavík, mánudaginn 19. júní kl. 13.

**Sigþór Kristinn Ágústsson**
**Davíð Örn Sigþórsson**
**Baldur Ágúst Sigþórsson** **Þorkatla Sumarliðadóttir**
**Sigríður Kristín Sigþórsdóttir**
**Sigríður Aðalsteinsdóttir** **Kristján Guðmundsson**
**Sigríður Sigurðardóttir**

---

✝



Ástkær faðir okkar,

**Jón Svavar Björgvinsson**
frá Kirkjubóli v/Laugarnesveg,

síðast til heimilis í Clearwater, Florida, lést þann 3. júní síðastliðinn.

**Viðar Jónsson**
**Gísli Björgvinsson**
**og aðrir ættingjar og vinir.**

---

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Jónína Ingólfsdóttir**
Njarðarvöllum 2, Reykjanesbæ,

lést á Hrafnistu, Nesvöllum, mánudaginn 12. júní. Útför hennar verður auglýst síðar.

**Inga María Henningsdóttir** **Ólafur Sigurjónsson**
**Bjarney Sigr. Snævarsdóttir** **Bjarni Friðrik Jóhannesson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Þorbjörg Guðrún Guðjónsdóttir**

áður til heimilis að Gróðrarstöðinni í Grænuhlíð við Bústaðaveg, lést á Hrafnistu föstudaginn 12. júní. Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju, mánudaginn 19. júní kl. 15.00.

**Jóna Gunnarsdóttir**
**Guðjón Reynir Gunnarsson**
**Vernharður Gunnarsson** **Björg Árnadóttir**
**Ósk Gunnarsdóttir** **Snorri Arnfinnsson**
**Gunnar Þór Gunnarsson**
**Katrín Rós Gunnarsdóttir**
**barnabörn og langömmubörn.**

# Fólk

Lífsstíll

FÖSTUDAGUR 16. JÚNÍ 2017



**Eva Laufey heldur áfram að töfra fram ljúffenga rétti á Stöð 2. Uppskriftir má finna hér.**

Matur →6








Hjördís Ýr Ólafsdóttir æfir hlaup, hjólreiðar og sund tíu tíma á viku. Hún er forfallinn þríþrautarkappi og setti Íslandsmet í 30 stiga hita og sól. MYND/EYÞÓR

# Ávanabindandi íþrótt

Hjördís Ýr Ólafsdóttir setti Íslandsmet í hálfum Járnmanni á heimsmeistaramóti í Slóvakíu. Þríþraut á hug hennar allan og fram undan eru keppnir og stífar æfingar. →2

Framhald af forsíðu ➭

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



Ég er nýkomin heim af Challenge-heimsmeistaramótinu í Slóvakíu. Þar kepptu margir þeirra bestu í heiminum en hver keppandi þarf að standast ákveðnar kröfur til að geta tekið þátt. Ég lenti í fjórða sæti í mínum aldurshópi og náði besta tíma sem íslensk kona hefur náð," segir Hjördís Ýr Ólafsdóttir, hönnuður og þríþrautarmeistari, en hún setti Íslandsmet í hálfum Járnmanni í liðinni viku, á 4 klukkutímum og 56 mínútum.

Keppendur synda 1,9 kílómetra, hjóla 90 kílómetra og hlaupa svo hálft maraþon, eða 21,1 kílómetra. Hjördís segir keppnina hafa tekið á, heitt var í veðri eða um 30 gráður og steikjandi sól en íslensku keppendurnir hafi staðið sig vel.

„Þetta var mjög erfitt og sérstaklega fyrir okkur Íslendingana að koma úr 12 gráðum hér heima yfir í hitann. Við vorum tíu frá Íslandi og hópnum gekk vel. Tveir strákar lentu í verðlaunasæti í sínum aldursflokki. Það er ótrúlega gaman að fá að keppa meðal þeirra bestu en meðal keppenda var til dæmis Alistair Brownlee, tvöfaldur ólympíumeistari í þríþraut. Auðvitað er skemmtilegt að ná að setja met við þessar aðstæður."

Þríþraut á hug Hjördísar allan, ferillinn hófst fyrir sjö árum og hefur undið vel upp á sig. Hún segir þríþrautina fjölbreytta íþrótt, álagið dreifist um líkamann og minni líkur eru á meiðslum.

„Ég hef alltaf hreyft mig eitthvað og æfði til dæmis frjálsar íþróttir sem barn. Var svo í ræktinni eins og gengur. Ég var farin að hlaupa úti og eftir að dóttir mín, Ninja Ýr, fæddist 2009 fór ég að hlaupa hálfmaraþon. Fljótlega valdi ég þó að æfa þríþraut því ég var farin að meiðast í hlaupunum. Þríþraut er góð krosshreyfing og álagið minnkar á líkamann við sund og hjólreiðar. Það er líka tilbreyting að skipta á milli. Ég þurfti reyndar að bæta mig verulega í sundi en eins og margir Íslendingar kunni ég bringusund og gat kannski synt eina ferð yfir laugina á skriðsundi," segir Hjördís. Hún hafi því skráð sig á skriðsundsnámskeið og segist orðin nokkuð góð. „Sundið er samt enn þá mín sísta grein í þríþrautinni."

Hjördís flutti til Ástralíu í framhaldsnám í hönnun, ásamt manni sínum, Loga Karlssyni. Ninja Ýr dóttir þeirra fæddist á Íslandi í stuttu stoppi eftir að mastersnáminu lauk en fjölskyldan flutti aftur til Ástralíu. Þar úti fæddist sonurinn Nói og bjó fjölskyldan ytra í sjö ár. Í Ástralíu skellti Hjördís sér á kaf í þríþrautina.



Úti í Ástralíu fóru hjólaæfingarnar fram annaðhvort uppi í fjöllum eða meðfram strandlengjunni.



Jólatré fjölskyldunnar eitt árið. Pökkunum raðað undir.



Á lokametrunum á heimsmeistaramótinu í Slóvakíu.

## Mátti ekki hreyfa sig

„Þríþrautin er mjög stórt sport í Ástralíu og ég var farin að æfa með þríþrautarliði. Ég fór samt ekki strax að keppa, mér fannst ég ekki nógu sterk í sundinu. Ég æfði þó allar þrjár greinarnar og var farin að keppa í hlaupum. En þegar ég gekk með með Nóa mátti ég ekkert hreyfa mig. Sérstaklega mátti ég ekkert gera seinni hluta meðgöngunnar þar sem fylgjan var fyrirsæt. Um tíma þurfti ég að leggjast inn á spítala. Einhvern veginn fékk ég samt við þetta aukinn kraft og þremur mánuðum eftir að strákurinn var tekinn með keisara dreif ég mig í keppni í þríþraut. Hljóp svo hálfmaraþon og maraþon stuttu síðar og var að gefa brjóst rétt fyrir startið," rifjar hún upp.

## Sjö sólrík ár í Ástralíu

Árin sjö í Ástralíu segir Hjördís hafa verið dásamleg. Hún hafði áður búið í Mílanó í þrjú ár þar sem hún lærði iðnhönnun. Eftir að hafa fengið smjörþefinn af því að búa í útlöndum segist hún hafa verið meira en til í að flytja yfir hálfan hnöttinn þegar kom að framhaldsnámi hjá þeim hjónum.

„Þegar maður hefur einu sinni upplifað að búa í útlöndum er erfitt að festa sig heima. Ég var strax til í að fara eitthvert út aftur. Meðan ég var í Mílanó var Logi að klára háskólann hér heima. Hann kom út eins oft og hann gat og Mílanóárin voru frábær tími. Allt annar lífsstíll en í dag, engin börn, bara að læra og fara í ræktina, milli þess sem maður drakk kokteila," segir hún sposk. „Við fluttum svo til Wollongong í Ástralíu í framhaldsnám og ég tók master í grafískri hönnun. Svo tók við doktorsnám hjá Loga, og síðar vinna í Brisbane í Ástralíu. Leikskólakerfið þar er ekki eins gott og hér heima og ég var með krakkana mikið til heima. Tvo daga í viku voru þau á leikskóla og á meðan gat ég sinnt eigin hönnun. Þetta var æðislegur tími. Veðrið er alltaf gott og alltaf hægt að vera úti við. Við stunduðum mikla útivist," segir Hjördís. Logi sé samt ekki forfallinn þríþrautarkappi eins og hún. „Hann tók reyndar þátt í fyrstu þríþrautinni sinni um daginn. Hafði ekkert æft af viti en gekk ótrúlega vel miðað við það. Hann stundar golf, finnst það skemmtilegra en þríþrautin."



Nói og Ninja Ýr við Hvaleyrarvatn.

## Fjölskyldan þurfti aðlögun

Hjördís og Logi eru bæði Hafnfirðingar og þegar fjölskyldan flutti heim frá Ástralíu komu þau sér fyrir í heimabænum. Hún segir viðbrigðin hafa verið mikil við flutningana, sérstaklega fyrir krakkana.

„Við fluttum heim fyrir einu og hálfu ári, rétt fyrir jól og komum úr 36 stiga hita beint í 10 stiga frost! Krakkarnir vissu ekki hvaðan á þau stóð veðrið. Það var alltaf dimmt og dóttir mín fór að háskæla þegar vindurinn blés. Hún var ekki vön hvassviðri og hélt bara að hún myndi fjúka burt. Strákurinn hafði aldrei komið til Íslands. Þetta er svo langt ferðalag að maður er ekkert að skjótast heim í frí. Við þurftum í raun öll smá aðlögun til að byrja með. Það var erfitt en líka gott að vera kominn heim til fjölskyldunnar. Ástralía er svo langt í burtu og fjarlægðin frá fjölskyldunni mikil. Það var ástæða þess að við fluttum heim. En ég sakna sólarinnar," segir Hjördís.

## Æfir tíu tíma á viku

Þegar heim var komið hellti Hjördís sér strax í æfingar og keppnir í þríþraut og náði góðum árangri. Hún varð til dæmis tvöfaldur Íslandsmeistari og var valin þríþrautarkona ársins 2016.

„Ég æfi í kringum 10 tíma á viku. Þetta tekur auðvitað heilmikinn tíma en oftast reyni ég að vakna fyrir klukkan 6 á morgnana og er þá búin með æfingu áður en hin fara á fætur. Svo er oft æfing seinnipartinn líka. Maður getur orðið vel þreyttur og svefninn í minna lagi. En ég sef út á sunnudögum."

Þýðir þetta líka strangt mataræði? „Nei, í rauninni ekki, ég borða hvað sem er. Auðvitað reyni ég að borða hollt en leyfi mér alveg að borða súkkulaði, dökkt súkkulaði," segir Hjördís.

## Vaxandi íþrótt á Íslandi

Hjördís fylgdist með þríþrautinni vaxa á Íslandi meðan hún bjó í Ástralíu og segir sérstaklega ánægjulegt að sjá hjólreiðaæðið hellast yfir landann. Sjálf var hún löngu farin að hjóla og viðurkennir að eiga hálffullan bílskúr af reiðhjólum.

„Ég á sérstakt þríþrautarhjól, Timetrial með liggjandi stýri, en í hjólreiðakeppnum er ég á racer. Maður þarf að eiga góð hjól til að keppa. Þríþrautarkeppnirnar ganga fyrir eins og er en ég á líka fjallahjól. Hef samt ekki haft tíma til að keppa í fjallahjólreiðum enn þá. Ég gæti þetta þó ekki nema með hjálp góðra aðila, Örninn, Adidas og Hreysti hafa reynst mér vel."

Mér fannst auðvitað ótrúlega gaman að fylgjast með bæði þríþrautinni og hjólreiðunum vaxa á Íslandi. Það er auðvitað frábært að fólk sé að hreyfa sig. Svo smitar þetta út frá sér. Dóttir mín er til dæmis farin að æfa sund og tók þátt í tvíþraut um daginn. Það var stundum fyndið að fylgjast með henni hjóla þegar við bjuggum úti en hún stökk alltaf af hjólinu til að hlaupa, eins og ég var að gera. Hún á eftir að verða efnileg þríþrautarmanneskja. Mér finnst að allir sem hafa áhuga ættu að prófa þetta sport. Ég verð þó að vara fólk við, þríþraut er ávanabindandi sport."




**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis:** **Elín Albertsdóttir,** elin@365.is, s. 512 5349 | **Ragnheiður Tryggvadóttir,** heida@365.is, s. 512 5367 | **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351 **Sigríður Inga Sigurðardóttir,** sigriduringa@365.is, s. 512 5372 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@365.is, s. 512 5358 | **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357

**Útgefandi:** 365 miðlar

**Ábyrgðarmaður:** Svanur Valgeirsson

**Sölumenn:** **Atli Bergmann,** atlib@365.Is, s. 512 5457 | **Jóhann Waage,** johannwaage@365.Is, s. 512 5439 | **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.Is, s. 512 5429 | **Ólafur H. Hákonarson,** olafurh@365.Is, s. 512 5433

# SANDALAR

## FÆTUR OG TÆR ÖÐLAST NÝTT LÍF Í KEEN



### KEEN Newport

Newport er sandalinn sem kom KEEN á kortið. Lokuð tá sem að verndar tærnar fyrir hnjaski, sólinn nær upp fyrir tærnar með hönnun sem að KEEN hefur einkaleyfi á. Gott grip á sóla, hvort sem er á þurru eða blautu undirlagi. Innleggið mótast eftir fætinum og veitir góðan stuðning. Þetta eru sandalar sem að þú getur notað allan daginn, alla daga, í nánast hvaða aðstæðum sem er.

- *Efri partur er úr leðri*
- *Fóðraðir að ofan með möskvaefni sem að dregur ekki í sig vatn*
- *Þrýstimótaður EVA miðsóli*
- *Stýfing undir il úr TBU (hitaþjálu pólýúretani) fyrir aukinn stöðugleika*
- *Gúmmí á ytri sóla skilur ekki eftir sig strik í gólfefni*
- *Hrjúfur munstraður sóli, veitir gott grip hvort sem er á blautu eða þurru undirlagi*
- *Teygju reim yfir rist, auðvelt að herða að og losa*
- *Lykkjur á hæl og tungu auðvelda þér að klæða þig í og úr*
- *Metatomical EVA innlegg, sérstaklega hannað til að mótast eftir fætinum og veita góðan stuðning*
- *Míkrófíber ysta lag á innleggi*
- *Má þvo í þvottavél Þyngd á skó: 430,9 gr. (Stærð 42)*

***Stærðir: (heil og hálf númer) 40-48***
***Lítil númer. Flestir taka hálfu númeri stærra en þeir nota vanalega***

Verð: 15.990,-



### KEEN Venice Women's

Frá fjöru að fjalli. Frábært grip á breytilegu undirlagi, sandalarnir anda vel en eru jafnframt með lokaða tá sem að verndar tærnar fyrir hnjaski. Sólinn nær upp fyrir tærnar með hönnun sem að KEEN hefur einkaleyfi á. Léttir en áreiðanlegir. Venice sport sandalarnir frá KEEN fylgja þér hvert sem ævintýrið er.

- *Efri partur er úr leðri*
- *Fóðraðir að ofan með möskvaefni sem að dregur ekki í sig vatn*
- *Þrýstimótaður EVA miðsóli*
- *Stýfing undir il úr TBU (hitaþjálu pólýúretani) fyrir aukinn stöðugleika*
- *Gúmmí á ytri sóla skilur ekki eftir sig strik í gólfefni*
- *Munstraður sóli sem veitir gott grip hvort sem er á blautu eða þurru undirlagi*
- *Teygju reim yfir rist, auðvelt að herða að og losa*
- *Lykkjur á hæl og tungu auðvelda þér að klæða þig í og úr*
- *Metatomical EVA innlegg, sérstaklega hannað til að mótast eftir fætinum og veita góðan stuðning*
- *Míkrófíber ysta lag á innleggi*
- *Má þvo í þvottavél*

Þyngd á einum skó: 260,8 gr. (Stærð 37,5)
Stærðir: (heil og hálf númer) stærð 35-42
Lítil númer. Flestir taka hálfu númeri stærra en þeir nota vanalega.

Verð: 15.990,-



### KEEN Venice H2 Women's

Frá fjöru að fjalli. Frábært grip á breytilegu undirlagi, sandalarnir anda vel en eru jafnframt með lokaða tá sem að verndar tærnar fyrir hnjaski. Sólinn nær upp fyrir tærnar með hönnun sem að KEEN hefur einkaleyfi á. Léttir en áreiðanlegir. Venice sport sandalarnir frá KEEN fylgja þér hvert sem ævintýrið er.

- *Efri partur er úr pólýester*
- *Fóðraðir að ofan með möskvaefni sem að dregur ekki í sig vatn*
- *Þrýstimótaður EVA miðsóli*
- *Stýfing undir il úr TBU (Thermoplastic pólýúretan) fyrir aukinn stöðugleika*
- *Gúmmí á ytri sóla skilur ekki eftir sig strik í gólfefni*
- *Munstraður sóli sem veitir gott grip hvort sem er á blautu eða þurru undirlagi*
- *Teygju reim yfir rist, auðvelt að herða að og losa*
- *Lykkjur á hæl og tungu auðvelda þér að klæða þig í og úr*
- *Efni framleidd án PFC (Perflúorkolefna)*
- *Metatomical EVA innlegg, sérstaklega hannað til að mótast eftir fætinum og veita góðan stuðning*
- *Má þvo í þvottavél*

Þyngd á einum skó: 255,2 gr. (Stærð 37,5)
Stærðir: (heil og hálf númer) 36-42 Lítil númer. Flestir taka hálfu númeri stærra en þeir nota vanalega.

Verð: 14.990,-



### KEEN Clearwater CNX Leather

Clearwater CNX Leather eru léttir og nettir sandalar með lokaða tá sem að verndar tærnar fyrir hnjaski. Sólinn nær upp fyrir tærnar með hönnun sem að KEEN hefur einkaleyfi á. Gott grip á sóla, hvort sem er á þurru eða blautu undirlagi. Clearwater CNX sandalarnir eru hannaðir með það að leiðarljósi að hafa sólann sem nettastan án þess að tapa þægindum. Fjögurra millimetra hæðarmunur er á hæl og tá og er innleggið mótað til að veita góðan stuðning við ilina.

- *Efri partur er úr leðri*
- *Fóðraðir að ofan með möskvaefni sem að dregur ekki í sig vatn*
- *Léttur PU miðsóli*
- *Hællinn er 4 mm hærri en táin*
- *Innleggið mótað til að veita góðan stuðning við ilina*
- *Gúmmí á ytri sóla skilur ekki eftir sig strik í gólfefni*
- *Teygju reim yfir rist, auðvelt að herða að og losa*
- *Lykkja á hæl og tungu auðvelda þér að klæða þig í og úr*
- *Miðsóli úr TBU (Hitadeigu pólýúretani)*
- *Efni framleidd án PFC (Perflúorkolefni)*
- *Munstraður sóli sem að veitir gott grip hvort sem er á blautu eða þurru undirlagi*
- *Má þvo í þvottavél*

Þyngd á einum skó: 292 gr. (Stærð 42)
Stærðir: (heil og hálf númer) 40,5-47,5

Verð: 15.990,-



### KEEN Maupin Women's

Maupin sandalarnir veita góðan stuðning og sólinn hefur mikið grip jafnvel í bleytu svo að þeir henta einstaklega vel sem alhliða sandalar. Opin tá og mjög auðvelt að stilla þá þannig að þeir sitji sem best á fætinum. Hvor skór um sig vegur einungis 207,0 gr (í stærð 37,5). Maupin sandalarnir eru búnir Cleansport NXTTM náttúrulegri lyktarstjórnunartækni. Það er lífræn tækni þar sem að gagnlegar örverur sem finnast allt í kring um okkur eru teknar og festar á yfirborð efnis. Örverurnar hreinsa útgang sem að bakteríur skilja eftir sig og koma þannig í veg fyrir vonda lykt á náttúrulegan hátt án allra eiturefna. Frábær kostur fyrir okkur og ekki síður umhverfið.

- *Eitt band yfir allan fótinn, auðvelt að stilla*
- *Efri partur er samsettur úr pólýester, textíl og hitaþjálu pólýúretani sem er slitsterkt og þolir vel olíu, fitu og núning*
- *Míkrófíber efni í fóðri*
- *PU miðsóli*
- *Gúmmí á ytri sóla skilur ekki eftir sig strik í gólfefni*
- *Mikið grip á sóla, heldur vel gripi í bleytu*
- *Metatomical EVA innlegg, sérstaklega hannað til að mótast eftir fætinum og veita góðan stuðning*
- *Cleansport NXTTM náttúruleg lyktarstjórnun*

Þyngd á einum skó: 207,0 gr. (Stærð 37,5)
Stærðir: 36 - 37,5 - 38,5 - 39,5 - 40,5 - 42 Lítil númer.
Flestir taka númeri stærra en þeir nota vanalega.

Verð: 13.990,-



### KEEN Maupin Men's

Maupin sandalarnir veita góðan stuðning og sólinn hefur mikið grip jafnvel í bleytu svo að þeir henta einstaklega vel sem alhliða sandalar. Opin tá og mjög auðvelt að stilla þá þannig að þeir sitji sem best á fætinum. Hvor skór um sig vegur einungis 246,6 gr (í stærð 42). Maupin sandalarnir eru búnir Cleansport NXTTM náttúrulegri lyktarstjórnunartækni. Það er lífræn tækni þar sem að gagnlegar örverur sem finnast allt í kring um okkur eru teknar og festar á yfirborð efnis. Örverurnar hreinsa útgang sem að bakteríur skilja eftir sig og koma þannig í veg fyrir vonda lykt á náttúrulegan hátt án allra eiturefna. Frábær kostur fyrir okkur og ekki síður umhverfið.

- *Eitt band yfir allan fótinn, auðvelt að stilla*
- *Efri partur er samsettur úr pólýester, textíl og hitaþjálu pólýúretani sem er slitsterkt og þolir vel olíu, fitu og núning*
- *Míkrófíber efni í fóðri*
- *PU miðsóli*
- *Gúmmí á ytri sóla skilur ekki eftir sig strik í gólfefni*
- *Mikið grip á sóla, heldur vel gripi í bleytu*
- *Metatomical EVA innlegg, sérstaklega hannað til að mótast eftir fætinum og veita góðan stuðning*
- *Cleansport NXTTM náttúruleg lyktarstjórnun*

Þyngd á einum skó: 246,6 gr. (Stærð 42)
Stærðir: 40,5 - 42 - 43 - 44,5 - 46 - 47,5
Lítil númer. Flestir taka númeri stærra en þeir nota vanalega.

Verð: 13.990,

Þú finnur allar okkar vörur ásamt ítarlegum upplýsingum á www.ggsport.is

„Finndu okkur á Facebook"

GG•sport

Smiðjuvegur 8, Græn gata, 200 Kópvogi, sími: 571 1020 • www.ggsport.is



# Þar sem töfrarnir gerast

**Við gerð plakata sinna sækir Rakel Ólafsdóttir helst innblástur til dýra enda mikill dýravinur. Star Wars myndir hennar hafa þó helst vakið athygli en þær byggja á krotstílnum. Nýlega opnaði hún verslunina SKER á Langholtsvegi í Reykjavík ásamt systur sinni sem framleiðir húðvörur úr 100% náttúrulegum efnum.**

**Starri Freyr Jónsson**
starri@365.is



Vef- og auglýsingahönnuðurinn Rakel Ólafsdóttir hefur teiknað og málað frá því hún man eftir sér og elskar að vinna í höndunum. Fyrir tveimur árum var hún meðlimur í hönnunarhópi sem tók að sér ýmiss konar margmiðlunarverkefni og tók meðal annars þátt í pop up-markaði fyrir jólin 2015. Plaköt eftir Rakel vöktu þar mikla athygli og í kjölfarið opnaði hún vefverslunina Sker.is þar sem hún selur plakötin sín.

Nýlega opnaði hún ásamt systur sinni, Rebekku Ólafsdóttur, verslun á Langholtsvegi undir sama nafni en þar selja þær bæði hönnun Rakelar og húðvörur systur hennar undir nafninu RÓ naturals. „Við systurnar höfum tekið að okkur ýmis skapandi verkefni saman í gegnum tíðina og hefur draumur okkar alltaf verið að opna litla verslun. Hér seljum við vörur okkar; hönnun mína og húðvörur Rebekku, en vörur hennar eru handunnar úr 100 prósent náttúrulegum hráefnum. Þær innihalda því engin óþarfa aukaefni eins og alkóhól, paraben eða önnur rotvarnarefni. Ég kom einmitt að útliti húðvaranna og markaðsmálum í tengslum við þær ásamt systur minni.“

## Kolféll fyrir vatnslitum

Vegna mikilla anna undanfarin ár var það ekki fyrr en í fæðingarorlofi Rakelar fyrir þremur árum sem hún byrjaði að teikna aftur eftir langa pásu og kolféll hún þá fyrir vatnslitum. „Ég er mikill dýravinur og hefur það verið einn helsti innblástur í verkum mínum eins og sjá má á nýlegum verkum. Sterkasti og eflaust þekktasti stíll minn er krotstíllinn og má þar nefna Star Wars myndirnar sem seldar voru á fyrrnefndum pop up-markaði 2015.“

Krotstíllinn var ríkjandi í verkjum hennar til að byrja með og hefur hún mjög gaman af því að vinna með þann stíl enn þá. Ásamt því að teikna og mála plaköt hefur hún einnig hannað ýmis grafísk verk. „Yfirleitt hanna ég í settum þar sem verkin tengjast hvert öðru eða eru unnin í sama stíl og er hugmyndavinnan byggð á því. Það er mismunandi hvernig verkin eru unnin en byrjunin er hugmyndavinna, þar næst skissur og að lokum er málað, teiknað eða unnið í tölvu.“



Rakel Ólafsdóttir (t.h.) hannar skemmtileg plaköt sem hún selur í versluninni SKER sem hún og systir hennar Rebekka opnuðu nýlega á Langholtsvegi. Þar selur Rebekka eigin línu af húðvörum. MYNDIR/ERNIR



Plaköt Rakelar eru til sýnis í rúmgóðri versluninni.

> „Ég er mikill dýravinur og hefur það verið einn helsti innblástur í verkum mínum



Ýmis dýr og persónur úr Star Wars myndum sjást oft á plakötum Rakelar.

## Barnahorn og kaffi

Rekstur verslunarinnar hefur gengið vonum framar fyrstu vikurnar að sögn Rakelar og er stefnan að auka vöruúrvalið jafnt og þétt og taka inn nýja íslenska hönnuði. „Við erum m.a. farnar að selja vörur frá töskuhönnuðinum Klementinu og fleiri bætast vonandi fljótlega við.“

Umhverfismál skipta þær miklu máli eins og sjá má á umbúðum og öðrum pakkningum í versluninni. „Allar vörur RÓ naturals eru í glerumbúðum og er viðskiptavinum gefinn kostur á að skila inn tómum krukkum og flöskum í skiptum fyrir 15 prósenta afslátt af næstu vöru.“

Systurnar eru fjölskyldufólk og því er að sjálfsögðu barnahorn í versluninni og alltaf heitt á könnunni að sögn Rakelar. „Vinnuaðstaða okkar er baka til þar sem töfrarnir gerast en þar er aðstaða til að blanda húðvörurnar og sinna verktakavinnu í auglýsingagerð ásamt annarri markaðsvinnu.“

Nánari upplýsingar um hönnun og vörur þeirra Rakelar og Rebekku má finna á www.sker.is og á Facebook (SKER og RÓ naturals).






# Fyrsta heimilið

FÖSTUDAGUR 16. JÚNÍ 2017

Kynningar: Framtíðin BYKO Kjaran ELKO IKEA



NORDICPHOTOS/GETTY




Hrólfur Andri Tómasson, framkvæmdastjóri Framtíðarinnar, og Magnús Rúnar Hjartarson þjónustustjóri segja viðtökurnar við nýju lánunum hafa verið mjög góðar. MYND/ANTON BRINK

# Nútímalegt lánafyrirtæki

## Framtíðin er lánafyrirtæki, stofnað með það að markmiði að bjóða upp á nýjar vörur á íslenskum lánamarkaði sem einfalt og þægilegt er að nálgast. Fyrirtækið býður upp á námslán, húsnæðislán og almenn lán.

Við byrjuðum að veita námslán árið 2015 en nýlega víkkuðum við starfsemina út og fórum að veita húsnæðislán ásamt almennum lánum til ýmissa nota," segir framkvæmdastjórinn, Hrólfur Andri Tómasson. „Við leggjum okkur fram við að veita framúrskarandi þjónustu og samkeppnishæf kjör."

Húsnæðislánin eru hugsuð sem viðbótarlán. „Fólk tekur lán hjá lífeyrissjóði eða banka upp að því marki sem það er hægt. Lífeyrissjóðirnir lána til dæmis allt að 75 prósent af kaupverði eignar og bankarnir 80 til 85 prósent. Hjá okkur er svo hægt að fá viðbótarlán upp í 90 prósent af kaupverði eignarinnar," útskýrir Hrólfur, en gerð er krafa um að lágmarki 10 prósenta eigið fé.

En fyrir hverja eru húsnæðislánin hugsuð? „Þau standa öllum til boða en við höfum ekki síst verið að horfa til yngra fólks og fyrstu kaupenda," segir Hrólfur og tekur dæmi: „Það er til dæmis mikið af ungu fólki með góðar tekjur sem vantar þessar sjö til átta milljónir sem oft þarf til að kaupa íbúð og komast inn á markaðinn. Þá getum við komið að gagni."

Framtíðin opnaði fyrir húsnæðislánin og almennu lánin í byrjun maí og hafa viðtökurnar að sögn Hrólfs verið vonum framar. „Síminn hefur ekki stoppað og við höfum þegar bætt við okkur mannskap til að sinna fyrirspurnum og umsóknum."

Að sögn Hrólfs eru almennu lánin óverðtryggð upp að einni milljón. Þau má til dæmis nota til bílakaupa, endurbóta eða til að borga niður aðrar skuldir. „Fólk sækir um á netinu, umsóknarferlið er 100 prósent rafrænt og svarið berst á örfáum mínútum."

Námslánin sem Framtíðin hefur veitt síðastliðin tvö ár eru fyrst og fremst hugsuð sem viðbót við lán frá LÍN. „Hugmyndin er að fólk fari fyrst til LÍN enda eru þau lán á mjög hagstæðum vöxtum. Þeir sem hins vegar eiga ekki rétt á láni frá LÍN, t.d. út af tekjuskerðingu, geta sótt um hjá okkur," segir Hrólfur, en ólíkt bönkum sem veita námsmönnum yfirdrátt í slíkum tilfellum þarf ekki að byrja að greiða af námslánum Framtíðarinnar fyrr en sex mánuðum eftir að námi lýkur. Að sögn Hrólfs getur fólk sem er í dýru námi erlendis líka þurft á viðbótarláni að halda þar sem LÍN lánar aðeins upp að ákveðnu marki. Þá komi Framtíðin sér vel.

### Öll samskipti á netinu

Öll samskipti við Framtíðina fara fram í gegnum netið og í gegnum síma. „Fólk sækir um öll lán á umsóknarvefnum okkar og skilar gögnum rafrænt. Öll samskipti fara svo fram í gegnum net og síma. Fólk þarf því aldrei að koma til okkar sem mörgum þykir kostur," segir Hrólfur. Hann segir æ fleiri orðna vana því að afgreiða sig með ýmiskonar varning upp á eigin spýtur á netinu. „Það á enn sem komið er kannski meira við um ungt fólk en margir sem eldri eru hafa ekki síður komist upp á lag með það. Markmiðið okkar er að vefurinn sé það einfaldur að fólk geti þjónustað sig sjálft þar inni. Ef einhverjar spurningar vakna þá erum við hins vegar fljót að svara og leggjum okkur fram um að veita hraða og persónulega þjónustu."

Framtíðin á sér að sögn Hrólfs ýmsar erlendar fyrirmyndir, m.a. frá Bretlandi, Evrópu og Bandaríkjunum, en í þessum löndum hafa lánveitingar í auknum mæli verið að færast frá bönkum til sérhæfðra tæknifyrirtækja. „Við horfum meðal annars til fyrirtækis í Kaliforníu sem heitir SoFi en það byrjaði einmitt að veita námslán og færði sig svo yfir í önnur lán. Þá má nefna að þriðji stærsti fasteignalánveitandinn í Bandaríkjunum starfar eingöngu á netinu. Við erum því ekki að finna upp hjólið heldur fylgjumst við vel með því sem er að gerast erlendis og leitumst við að bjóða upp á nýjungar hér heima."

> **Fólk sækir um öll lán á umsóknarvefnum okkar á heimasíðunni og skilar gögnum rafrænt. Öll samskipti fara svo fram í gegnum net og síma.**
>
> Hrólfur Andri Tómasson

### Keypt er 40 milljóna króna íbúð með 26 milljóna láni frá lífeyrissjóði

| | Grunnlán frá lífeyrissjóði | Viðbótarlán frá Framtíðinni | SAMTALS |
|---|---|---|---|
| **1. Ef kaupandi kemur með 4 milljónir í eigið fé** | | | |
| Lánsfjárhæð | 26.000.000 kr. | 10.000.000 kr. | 36.000.000 kr. |
| Vextir | 3,25% | 6,96% | 4,28% |
| Fyrsta greiðsla | 97.355 kr. | 71.143 kr. | 168.498 kr. |
| **1. Ef kaupandi kemur með 6 milljónir í eigið fé** | | | |
| Lánsfjárhæð | 26.000.000 kr. | 8.000.000 kr. | 34.000.000 kr. |
| Vextir | 3,25% | 6,89% | 4,11% |
| Fyrsta greiðsla | 97.355 kr. | 56.645 kr. | 154.000 kr. |
| **1. Ef kaupandi kemur með 8 milljónir í eigið fé** | | | |
| Lánsfjárhæð | 26.000.000 kr. | 6.000.000 kr. | 32.000.000 kr. |
| Vextir | 3,25% | 6,80% | 3,92% |
| Fyrsta greiðsla | 97.355 kr. | 42.274 kr. | 139.629 kr. |

(1) Útreikningar miðast við 40 ára verðtryggt jafngreiðslulán frá lífeyrissjóði og 25 ára verðtryggð jafngreiðslulán frá Framtíðinni.

Útgefandi: 365 miðlar | Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson | Sölumaður auglýsinga: Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@365.is, s. 512 5429 | Veffang: Visir.is

Draumaeignin mín er við *(götuheiti)* ______. Það er margt frábært við *(nafn á hverfi)* ______, en *(nafn á stað)* ______ er klárlega í uppáhaldi. Svo er líka stutt í *(staður sem þú sækir oft)* ______ sem er mikill kostur.

þín framtíð
þitt húsnæðislán
framtidin.is

Framtíðin









# Frískaðu upp á heimilið

**Í verslunum BYKO fæst hágæða málning frá Málningu og Gjøco. Þar má einnig finna mikið úrval af vönduðum málningarverkfærum fyrir fagmenn jafnt sem heimilið. Reynslumiklir starfsmenn starfa í BYKO sem taka vel á móti viðskiptavinum og leiðbeina með næstu skref.**

Að mála er eflaust ódýrasta og einfaldasta leiðin til að fríska upp á heimilið og gjörbreyta því. Verslanir BYKO bjóða upp á mikið úrval af gæða málningu og málningarvörum fyrir fagfólk jafnt sem heimili, segir Ágúst Bjarki Jónsson, svæðisstjóri málningardeildar BYKO í Breiddinni.

„Við seljum hágæðamálningu frá Málningu, sem er íslensk framleiðsla, og einnig frá norska framleiðandanum Gjøco. Um leið bjóðum við upp á öll þau efni sem þarf til málunar innan- og utanhúss, s.s. grunna, spartl, málningu, lökk, gólflökk, viðarvörn, þakmálningu, bæs, sprey og húsgagnaolíur.“

Í Breiddinni má líka finna gott og mikið úrval af vönduðum málningarverkfærum, segir Ágúst. „Þar má nefna nauðsynleg verkfæri á borð við pensla, rúllur, sköft, bakka, sköfur, yfir- og undirbreiðslur og svo mætti lengi telja. Í raun má segja að í verslun okkar sé einfaldlega allt sem til þarf á einum stað.“

### Framúrskarandi starfsfólk

Í Breiddinni, eins og í öðrum verslunum BYKO, starfa bæði faglærðir iðnaðarmenn og menn með mikla reynslu í faginu, að sögn Ágústs. „Við erum einfaldlega með framúrskarandi starfsfólk með langan starfsaldur og við búum því að mikilli reynslu og þekkingu á þessu sviði sem við miðlum til viðskiptavina með faglegri ráðgjöf og góðri þjónustu.“

Verslunin í Breiddinni hefur stærstu málningardeild verslana BYKO og því lagt mikið upp úr þjónustu, góðu vöruúrvali og góðu verði, segir Ágúst. „Hér getum við blandað alla liti. Viðskiptavinir geta komið með hluti að heiman sem við getum skotið á með litaskanna og blandað málningu í sama lit. Það er ekki óalgengt að fá hingað inn litríka bangsa til að ná sama lit fyrir barnaherbergið.“

Í dag er mött málning vinsæl á veggi segir Ágúst. „Við erum með mjög góða málningu frá Gjøco sem heitir ROM Supermatt. Þetta er mött akrýl vegg- og loftamálning með gljástig 1. Hún gefur yfirborðinu hágæða matta áferð og er mjög þægileg og auðveld í notkun. Hún þekur líka frábærlega sem skiptir miklu máli.“




„Við seljum hágæðamálningu frá Málningu, sem er íslensk framleiðsla, og einnig frá norska framleiðandanum Gjøco,“ segir Ágúst Bjarki Jónsson, svæðisstjóri málningardeildar BYKO í Breiddinni. MYNDIR/EYÞÓR

### Laus við leysiefni

Gjøco býður einnig upp á Bliss innimálningu sem er sérstaklega þróuð með heilsu viðskiptavina í fyrirrúmi, að sögn Ágústs. „Hún er laus við leysiefni og er lyktarlítil þar sem uppgufun er lítil sem engin. Barnshafandi konur, ofnæmis- og astmasjúklingar og lítil börn eru einstaklega viðkvæm fyrir slíkri uppgufun. Því mæla t.d. astma- og ofnæmissamtök Noregs (NAAF) með Bliss málningunni frá Gjøco. Bliss málningin er líka merkt með Svansmerkinu og Blóminu, sem er umhverfismerki ESB.

Á vef BYKO má finna flestar þær tegundir af málningu og málningarfylgihlutum sem verslunin selur og hægt er að ganga frá kaupum þar og láta senda vörur heim gegn vægu gjaldi. „Vefverslun er klárlega framtíðin í verslun á Íslandi og við erum að vinna í því að gera enn betur í þeim málum. Í framtíðinni á viðskiptavinurinn að geta nálgast allar þær upplýsingar á vefnum sem hann getur fengið í dag beint frá okkur hér á staðnum.“

Nánari upplýsingar má finna á www.byko.is.




GJØCO

**INNIMÁLNING**
GJØCO PROFF, Vatnsþynnanleg og umhverfisvæn plastmálning. Notast á flest alla fleti innandyra t.d. spónaplötur, gips, múr og steinsteypu.

**7.295kr.**
80602509

GJØCO

**LOFTAMÁLNING**
GJØCO PROFF ,Vatnsþynnanleg og umhverfisvæn mött plastmálning. Notast á loft eða sem grunnur á alla fleti innandyra t.d. spónaplötur, gips, múr og steinsteypu.

**7.295kr.**
80602809







GJØCO

**INNIMÁLNING**
Vatnsþynnanleg, mött akrýl innimálning sem gefur dýpri litaáferð án endurspeglunar. Notast á flest alla fleti innandyra t.d. spónaplötur, gips, múr og steinsteypu.

**14.835kr.**
80603209




GJØCO

**INNIMÁLNING**
Bliss 10 veggmálning 9 l. Allir litir. Heilsuvæn, silkimött innimálning fyrir veggi í þurrrými. Án leysiefna og engin skaðleg uppgufun. Lyktarlítil. Mikil þvottheldni og góð þekja í tveimur umferðum. Mælt með af astma- og ofnæmissamtökum Noregs, NAAF.

**12.865kr.**
80603009

ANBEFALT AV
ASTMA- OG ALLERGIFORBUNDET
– gjør Norge friskere




GJØCO

**FASHION LAKK**
10/40/80, 0,68 l. allir litir.
Vatnsþynnanleg og lyktarlítil olíumálning. Auðvelt að vinna með og gefur slitsterkt og fallegt yfirborð. Notast á flesta fleti innandyra t.d. panil, MDF, hurðir, glugga, karma, o.f.l.

**2.995kr./stk**
806035017/6017/7017




GJØCO

**INNIMÁLNING**
**PROFF INTERIØR 10,** 9 l. allir litir.Lyktarlítil vatnsþynnanleg akrýlinnimálning. Þekur vel og gefur slitsterkt yfirborð sem auðvelt er að þrífa. Notast á flest alla fleti innandyra t.d. spónaplötur, gips, múr og steinsteypu.

**9.995kr.**
80602709




**INNIMÁLNING**
BIRTA gljástig 20.

**7.195kr**
86610040-1337

**INNIMÁLNING**
GLITRA gljástig 10, er vatnsþynnanleg, lyktarlaus plastmálning sem inniheldur engin leysiefni, ammóníak eða formaldehýð. Hylur einstaklega vel, hefur mjög góða þvottheldni og ýrist lítið við rúllun. Er einkum ætluð til að mála veggi innanhúss.

**6.295kr**
86620040

málning

**MÁLNINGARRÚLLA OG SKAFT**
FIA, 25cm.

**1.995kr.**
84100150





*Harris®*
**PENSILL**
25, 38, 50 eða 75 mm.
Verð frá:

**395kr.**
83072110-30



TILBOÐSVERÐ

**ÁLTRAPPA**
3 þrep, hámarks vinnuhæð 2,57m.

**3.497kr**
50170183
Almennt verð: 4.995kr.

**SORPPOKAR**
750x1150mm, 25 stk.

**965kr**
53521026

FIA

**FIA RÚLLA**
25cm og bakki.

**795kr.**
84100160



**FIA LAKKRÚLLA**
10cm og bakki.

**695kr.**
84124175




**AUÐVELT AÐ VERSLA Á BYKO.IS**
**SENDUM ÚT UM ALLT LAND**

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Tilboð gildir til 19. júní eða á meðan birgðir endast.









Litaskalinn býður upp á nýtískulegan stíl í bland við klassískari útfærslur.




Möguleikar á mynstrum og útfærslu eru endalausir með Marmoleum Click.

# Smellpassar við umhverfið

## Marmoleum Click linoleumparket er náttúruleg nýjung á gólfefnamarkaðinum sem stuðlar að heilnæmu og hlýlegu umhverfi með hljóðdempun og auknum loftgæðum á heimili og vinnustað. Úrvalið er heillandi.

Marmoleum Click linoleumparket er einstaklega fallegt og hundrað prósent náttúrulegt gólfefni. Það sker sig frá fjölda gólfefna sem framleidd eru úr gerviefni, eins og plastparketi, vínylparketi og margs konar harðparketi," segir Jón H. Sigurðsson, sölumaður gólfbúnaðar hjá Kjaran.

Þetta einstaka gólfefni er samsett úr linoleum, burðarplötu og korkundirlagi.

„Það er leikur einn að leggja Marmoleum Click. Því er einfaldlega smellt saman á köntunum og lagt sem fljótandi lögn," útskýrir Jón um linoleumparketið sem ekki krefst límingar á gólf. „Ekki þarf hljóðdempandi undirlag undir Marmoleum Click þar sem linoleumparketið hefur áfast korkbak og það þarfnast hvorki pússunar né lökkunar. Þá er mjög auðvelt að skipta um flísar eða planka vegna skemmda eða slits."

### Eins og þú vilt

Marmoleum Click má leggja beint ofan á öll hörð gólfefni, svo sem flísar, dúk og parket.

„Möguleikar á mynstrum og útfærslu eru endalausir," upplýsir Jón. „Ríkulegt litaúrval gefur hverjum og einum möguleika á að skapa sinn eigin blæ og yfirbragð; nýtískulegt útlit sem er í takt við tímann sem og klassískari útfærslur. Litaskalinn er allt frá sandbrúnu og steingráu, sem minnir á flotmúrað gólf, yfir í lifandi og glaðlega liti sem lífga upp á andrúmsloftið."

Náttúruleg gólfefni eins og Marmoleum Click stuðla að heilnæmu og hlýlegu umhverfi.

„Framleiðandinn Forbo Flooring Systems framleiðir vörur sem stuðla að heilbrigði og þægindum fyrir notendur. Hljóðdempun, hálkuhindrun og aukin loftgæði á heimili og vinnustað eru meðal

> **Náttúruleg gólfefni eins og Marmoleum Click stuðla að hlýlegu umhverfi, hljóðdempun og auknum loftgæðum á heimili og vinnustað.**

þess sem stefnt er að til að ná þessu markmiði. Með notkun endurnýjanlegra og endurnýtanlegra hráefna og sjálfbærrar orku er leitast við að hafa sem minnst áhrif á umhverfið," útskýrir Jón.

Marmoleum Click er linoleumparket fyrir heimili og atvinnuhúsnæði (EN-ISO 10874 fl. 23 heimili, fl. 33 atvinnuhúsnæði).

Marmoleum Click er aftur á móti ekki ráðlagt að leggja á blautrými eins og baðherbergi og gufubaðsstofur.




Jón H. Sigurðsson er sölumaður gólfefna hjá Kjaran. Hann segir möguleika á mynstrum og útfærslum Marmoleum Click linoleumparkets endalausa og mæta smekk hvers og eins. MYNDIR/ERNIR


marmoleum® click
Linoleumparket
Náttúrulegt gólfefni
20%
afsláttur
til loka júlí
Góð tilfinning
-góð undirstaða-
forbo
FLOORING SYSTEMS
KJARAN
SÍÐUMÚLA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 510 5510

# Ljúft og þægilegt heimilislíf

## Því fylgir tilhlökkun og spenningur að koma sér fyrir á fyrsta heimilinu og nostra við hreiðurgerðina, en til þess að heimilið sé búið öllum nútímaþægindum þarf oft meira en áður var haldið.

Flestir sem fara að heiman til að eignast sitt fyrsta heimili gera sér grein fyrir að á hverju heimili þarf að vera til þvottavél og ísskápur, en þegar daglegt amstur fer að setja svip sinn á heimilislífið kemur í ljós að það þarf líka að eignast kaffivél og brauðrist fyrir morgunkaffið, töfrasprota í matargerðina, blandara í heilsudrykkina og jafnvel örbylgjuofn til að geta poppað yfir góðri mynd í nýju sjónvarpi heimilisins," segir Bragi Þór Antoníusson, markaðsstjóri ELKO.

ELKO hefur einmitt allt til alls fyrir þá sem eru að búa til fyrsta heimilið.

„Ryksuga er gott dæmi um heimilistæki sem þarf að vera til á hverju heimili. Þá er dásamlegt að eiga góða hrærivél í baksturinn, enda fátt heimilislegra en bökunarilmur í loftinu. Straujárn og strauborð eru mikið þarfaþing, eins og vekjaraklukka, hárblásari, rafmagnsrakvél og jafnvel krullujárn, svo dæmi sé tekið. Þarfir fólks eru vissulega mismunandi en ELKO mætir þeim öllum með glæsilegu úrvali af traustum og þekktum vörumerkjum á besta fáanlega verði," segir Bragi.

Meðal heillandi nýjunga hjá ELKO eru SMEG-hrærivélar og brauðristar, en SMEG-ísskápar eru landsmönnum kunnir fyrir framúrskarandi, litríka hönnun og gæði.

„Við erum einfaldlega með öll raftæki fyrir heimilið; eldhúsið, þvottahúsið, stofuna, sjónvarpsherbergið, baðherbergið og meira til, og hreinlega gaman fyrir fólk í hreiðurgerð að koma til okkar í ELKO til að velja liti, útlit og gæði sem passa við húsbúnað og stílinn heima. Einnig er notalegt og sparar tíma að skoða vefverslun ELKO, elko.is, heima í stofu til að ákveða hvað næst skal kaupa sér í búið."




Í ELKO fæst allt sem þarf til heimilishalds; gæðavörur á góðu verði. MYNDIR/EYÞÓR











# Ekkert heimili án tónlistar

## Úr eldhúsinu óma lystaukandi tónar, á baðinu eru þeir róandi og partílög duna í stofunni. Þannig er heimilisstemningin með Sonos-hátölurunum.

Sonos-hátalararnir eru spennandi heimilisgræjur, nettar og flottar og lausar við snúrur því öllu er stýrt þráðlaust í gegnum síma eða tölvur," upplýsir Sindri Snær Thorlacius, vörustjóri í hljóð og mynd hjá ELKO.

Sonos-hátalarar eru þeim töfrandi eiginleikum búnir að hægt er að dreifa þeim um heimilið og spila ýmist sama lagið eða mismundandi tóna í hverri vistarveru fyrir sig.

„Það getur verið skemmtilegt þegar gesti ber að garði; að skapa matarlega stemningu yfir eldamennskunni, fjörlega músík í stofunni og rómantík eða róandi stef afsíðis," segir Sindri um þetta undur og stórmerki sem Sonos-tæknin er.

„Allt er tengt yfir í hátalarann í gegnum þráðlaust internet og stýrt með smáforriti í gegnum síma eða tölvu. Hægt er að tengjast beint í gegnum forritið á Spotify, sem nýtur mikilla vinsælda, en aðgangurinn opnar líka gáttir að mörgum öðrum veitum, eins og TuneIn sem er ókeypis útvarpsþjónusta á netinu og veitir aðgang að þúsundum útvarpsrása, þar á meðal íslenskum. Hægt er að velja land og útvarpsrás út frá því, en líka eftir eigin skapi og smekk og mismunandi tónlistarstílum. Þá er hægt að senda eigið efni af tækinu sínu þráðlaust yfir í hátalarana."

**Hægt er að tengja sjónvarp inn á allt kerfið og um allt hús, sem er tilvalið á Eurovision-kvöldi þegar enginn missir af neinu þótt hann standi upp frá skjánum.**

Hátalararnir koma í þremur stærðum og hægt er að fá tvær mismunandi tegundir sem tengjast við sjónvarp.

„Með slíkri tengingu er hægt að tengja sjónvarp inn á allt kerfið og um allt hús, sem er tilvalið á Eurovision-kvöldi þegar enginn missir af neinu þótt hann standi upp frá skjánum," segir Sindri og finnur vel fyrir áhuga Íslendinga á þessari skemmtilegu tækni.

„Tæknin er ekki alveg ný af nálinni á heimsvísu en íslenskir viðskiptavinir eru að taka við sér núna því flestir eru komnir með gott internet og nota tónlistarveitu á vefnum. Ekki skemmir hvað þeir hafa lækkað í verði en ódýrasti Sonos-hátalarinn kostar 27.795 krónur. Sambærilega hátalaratækni er líka hægt að fá frá Bose og Audio Pro hér í ELKO."

**Og hljómurinn?** „Hann er ótrúlega fagur og góður í samanburði við nánast hvað sem er, og ekki síst miðað við stærð. Þráðlaust internet gefur kost á mun betri hljómgæðum en til dæmis Bluetooth, sem er algengara. Það er magnað hvað þessi tækni sér við stórum rýmum og hvað hljómburðurinn er stórkostlegur."



Sindri Snær Thorlacius, vörustjóri í hljóð og mynd, með Sonos-hátalara í höndunum.

# ÖLL TÆKI
## FYRIR HEIMILIÐ Í ELKO




**SENDUM UM LAND ALLT!**

## VERSLAÐU Í VEFVERSLUN
# ELKO Í SUMAR!

WWW.ELKO.IS

ELKO





Nett eldhús sem tekur ekki marga fermetra. KUNGSBACKA hurðir og skúffuframhliðar eru úr endurunnum viði og endurunnum plastflöskum. Í einni hurð eru 25 hálfs lítra flöskur.

EKET veggskápar eru fallegar og notadrjúgar hirslur sem fást í ýmsum stærðum og litum. Þeim má raða upp á nánast óteljandi vegu.



Baðinnréttingar IKEA eru hannaðar fyrir jafnvel smæstu baðherbergi. Hér er plássið nýtt vel fyrir hirslur sem geyma allt frá eyrnapinnum til handklæða.



Til að nýta plássið sem best er gott að hafa nóg af hirslum og fullnýta plássið, til dæmis undir rúminu.

# Sérfræðingar í smærri rýmum

**Það er stórt skref að flytja að heiman og stofna sitt fyrsta heimili. Þótt það sé afar ánægjulegt skref þá er það líka krefjandi verkefni. Ungt fólk á sínu fyrsta heimili þarf að vera útsjónarsamt, bæði hvað pláss og peninga varðar, en útkoman þarf ekki að vera neitt minna en glæsileg.**

Ungt fólk að hefja búskap, og sem hefur ekki úr miklu plássi að spila, á sérstaklega mikið í okkur," segir Birna Magnea Bogadóttir, sölustjóri IKEA. „IKEA hefur alltaf lagt áherslu á að bjóða upp á vel hannaðan gæðahúsbúnað sem hentar þessum hópi. Við leyfum okkur að kalla okkur sérfræðinga í smærri vistarverum þar sem þarf að nýta hvern blett sem best." Birna nefnir eldhúsið sem dæmi; þar sé oft ekki mikið pláss, en í IKEA fáist úrval af borðum og stólum sem hægt sé að fella saman og spara þannig pláss þegar þörf krefji. Eins fáist smærri baðinnréttingar sem taki lítið pláss en nýtist mjög vel. „Svo eru ýmis atriði sem er gott að hafa í huga á smærri heimilum eins og að nota nett húsgögn, sem er jafnvel hægt að fella saman, og nýta veggplássið vel. Það getur til dæmis munað heilmiklu að láta hillur og skápa ná alveg upp í loft eða koma hirslum fyrir undir rúmum og skápum," útskýrir Birna.

## Lýsing sem breytir vinnurými í borðstofu á augabragði

Birna segir ekki óalgengt að sjá fólk með málbandið í versluninni þegar verið er að finna stærri húsmuni sem þurfi að koma fyrir í litlu rými. „Svo þegar nauðsynlegustu húsgögnin eru komin, þá er gaman að leika sér svolítið; skreyta með lýsingu og veggskrauti og leyfa litum og vefnaðarvöru að setja punktinn yfir i-ið." Birna segir nýja möguleika í lýsingu hjálpa til við að gera meira úr litlu rými. „IKEA



Birna Magnea Bogadóttir, sölustjóri IKEA.

ljósastýring er frábær nýjung hjá okkur. Ljósastýringarkerfi hafa hingað til verið í dýrari kantinum og þannig ekki verið á færi margra þeirra sem eru að flytja að heiman. Við getum boðið þessar vörur á áður óséðu verði en með þeim færðu fjarstýrða lýsingu og getur skapað réttu stemninguna við hvert tilefni, til dæmis meiri og kaldari birtu fyrir vinnutörnina og skipta svo yfir í hlýrri og dempaðri birtu þegar tekið er á móti gestum. Þannig má í raun fá meira út úr takmörkuðu rými."

## Snjöll hönnun á heimsmælikvarða

„IKEA hefur gert mikið af því undanfarin misseri að vinna með þekktum hönnuðum að nýjum

> **„IKEA hefur alltaf lagt áherslu á að bjóða upp á vel hannaðan gæðahúsbúnað sem hentar þessum hópi. Við leyfum okkur að kalla okkur sérfræðinga í smærri vistarverum þar sem þarf að nýta hvern blett sem best.**
>
> Birna Magnea Bogadóttir

línum sem fást í takmarkaðan tíma og þær höfða sterkt til unga fólksins," að sögn Birnu. Þær séu oft svolítið djarfari en almennt gerist hjá fyrirtækinu og þeim hafi verið vel tekið af þeim hópi viðskiptavina sem hefur auga fyrir hönnun. „Snjallar smáhirslur hafa líka verið vinsælar. Nýja EKET línan er dæmi um það, enda á góðu verði og hillurnar fást í nokkrum stærðum og litum. Þeim má svo raða saman eftir smekk og aðstæðum." Svo megi ekki gleyma því að ungt fólk búi oft á stúdentagörðum eða í leiguhúsnæði þar sem ekki megi bora í veggi eða breyta miklu. „Fyrir slíkar aðstæður eigum við mikið úrval af frístandandi hirslum sem krefjast ekki mikilla framkvæmda en gefa nóg pláss fyrir allt sem gott er að geta geymt úr augsýn."

## Ungt fólk meðvitaðra um umhverfisvernd

Úrvalið af smávöru virðist endalaust í IKEA; skreytingar, speglar, kassar og smáhirslur, vefnaðarvara og annað sem gerir heimilið notalegt og persónulegt. „Í raun er hægt að ganga hér inn og fá nánast allt í einni ferð. Allt frá innréttingum og heimilistækjum til púða og pottablóma. Það er meira að segja hægt að kaupa í matinn á leiðinni út," segir Birna brosandi. „Þegar kemur að hópi yngri viðskiptavina, þá tökum við líka eftir því að hann hefur mikinn áhuga á að gera heimilið notalegt og er mjög meðvitaður. Ungu fólki í dag er virkilega umhugað um samfélagsmál og það hefur til dæmis mun sterkari skoðanir á umhverfisvernd en margir sem eldri eru. Það er góðs viti, og við getum stolt sinnt þessum hópi með öflugri samfélagsábyrgð og vörum sem teljast umhverfisvænar, bæði hvað framleiðslu og notagildi varðar." Í því samhengi megi nefna sjálfbærari bómull, sem framleidd er á umhverfisvænni hátt, LED perur sem spari orku og svo auðvitað flokkunarfötur og ílát sem einfaldi endurvinnslu á heimilinu. „Það er óhætt að segja að við leggjum okkur fram um að sinna ungu fólki vel í versluninni. Þar eru uppsett heimili sem gefa hugmyndir um hvernig hægt er að koma sér fyrir þar sem pláss er af skornum skammti, vöruúrvalið er hannað með það í huga og það ættu allir sem eru að innrétta fyrsta heimilið að finna snjallar hugmyndir hjá okkur," segir Birna að lokum.


Notaleg sambúð
SOCKER gróðurhús 2.290,-
6.490,-
Nýtt NYMÅNE loftljós
© Inter IKEA Systems B.V. 2017
12.950,-/stk.
IKEA PS 2017 skápar
LISABO borð 17.950,-
5.900,-/stk.
Nýtt SVENBERTIL stólar
RASKMÖLLE motta 19.990,-
JAFNLAUNA-VOTTUN VR
Verslun opin 11-21 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - www.IKEA.is
IKEA



## Obama kaupir draumavillu

Barack og Michelle Obama hafa ákveðið að kaupa húsið sem þau hafa leigt undanfarið. Húsið er sannkölluð draumavilla, staðsett í Kalormahverfinu í Washington stutt frá íslenska sendiherrabústaðnum. Í fyrstu ætluðu fyrrverandi forsetahjónin eingöngu að leigja húsið á meðan Sasha, dóttir þeirra, kláraði nám sitt. Nú hafa þau fest kaup á húsinu fyrir rúmlega 807 milljónir króna.

Húsið er frá árinu 1928 en fyrrverandi eigandi er Joe Lockhart sem starfaði sem talsmaður Bills Clinton í forsetatíð hans. Lockhart og eiginkona hans, Giovanna Gray Lockhart, ritstjóri hjá tímaritinu Glamour í Washington, eru að flytja til New York, þar sem hann tekur við sem framkvæmdastjóri á samskiptasviði landsliðsins í amerískum fótbolta.

Nýtt hús Obamahjónanna er 760 fermetrar með níu svefnherbergjum, átta baðherbergjum auk lítillar íbúðar. Húsið þykir einstaklega smekklega innréttað. Fyrir eiga hjónin hús í Chicago sem þau ætla að eiga áfram að því er Chicago Sun Times greinir frá.



## Góð ráð fyrir flutningana

- Tæmið allar hirslur til að gera þær léttari. Takið skúffur úr kommóðum og flytjið þær sér.
- Ekki hafa kassana of þunga. Setjið bækur í litla kassa.
- Pakkið brothættu dóti inn í blöðruplast, viskastykki, dagblöð eða föt. Merkið kassann „brothætt“.
- Ef mikilvægt er að kassi snúi ávallt eins er best að merkja hann „þessi hlið upp“.
- Látið ísskápinn standa í dágóða stund eftir flutninga, áður en honum er stungið aftur í samband.
- Gott er að festa tromluna á þvottavélinni áður en hún er flutt.
- Notið tækifærið og takið til í skápum. Farið með gömul föt, leikföng, bækur og annað í söfnun fyrir góðgerðarmál.
- Merkið kassana með innihaldi. Til dæmis „eldhús1“ og útbúið lista yfir hvað er í þeim kassa.
- Á flutningsdeginum er gott að raða kössunum og öðru sem þarf að flytja þannig að fljótlegt sé að henda þeim í bíl.
- Passið upp á líkamsbeitingu við flutninga. Beygið hnén þegar þungum hlutum er lyft í stað þess að sveigja bakið.

## Að hreinsa málningu úr penslum

Byrjið á að ná sem mestu af málningunni úr penslinum, til dæmis með því að strjúka úr honum eftir grófri tusku. Eftirfarandi trix til að hreinsa alla málningu úr penslum eru fengin af wikihow.com.

Mýkingarefni: Blandið ½ bolla af mýkingarefni út í 3 lítra af volgu vatni og hrærið penslinum fram og aftur í lausninni þar til málningin losnar. Hristið loks vel úr penslinum og látið hann þorna með hárin upp.

Edik: Ef málning hefur harðnað í pensli má reyna að leysa hana upp í borðediki. Látið pensilinn liggja í bleyti í klukkustund eða lengur, þar til málningin losnar. Einnig má sjóða pensilinn í ediki í potti í nokkrar mínútur og skola hann svo vel með köldu vatni.

Uppþvottalögur: Olímálningu má leysa upp með uppþvottalegi. Kreistið vænan slurk af uppþvottalegi í lófann, hrærið penslinum í hringi í sápunni og látið renna volgt vatn á hann á meðan. Endurtaka þarf þetta nokkrum sinnum þar til öll málning næst úr.












Gæði og gott verð!

Opið virka daga frá 9 til 18
Ármúla 31 - Sími 588 7332

i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili

# Víkingahátíð við Fjörukrána

## 15.–18. júní 2017




VIKING village
Fjörukráin
HOTEL
& Restaurants

## Fjölskylduhátíð

Víkingamarkaður, handverks- og bardagavíkingar, fornir leikir, glíma, bogfimi og axarköst, fjöllistamenn, víkingaskóli fyrir börn, víkingatónlist, eldsteikt lamb, víkingaveislur, kvöldvaka að hætti víkinga, dansleikir og fleira.

# Dagskrá Víkingahátíðar 2017

### Fimmtudagur 15. júní

13:00 Markaður opnaður
13:30 Víkingaskóli barnanna
14:00 Bardagasýning
14:30 Bjørke Asgar Bruun fjöllistamaður
14:30 Víkingasveitin
15:00 Jerker Fahlström sögumaður
15:00 Tyuara Zhirkova frá Yakutia syngur og spilar á munngígju
16:00 Bardagasýning
16:30 Bjørke Asgar Bruun fjöllistamaður
17:00 Bogfimi og axakast
17:15 Sögustund í hellinum á hótelinu
17:15 Tyuara Zhirkova frá Yakutia syngur og spilar á munngígju
17:30 Víkingasveitin
17:45 Bjørke Asgar Bruun fjöllistamaður
18:00 Bardagasýning
18:30 Tyuara Zhirkova frá Yakutia syngur og spilar á munngígju
20:00 Víkingaveisla í Fjörugarðinum, Víkingasveitin
00:00 Lokun

### Föstudagur 16. júní

13:00 Markaður opnaður
13:30 Víkingaskóli barnanna
14:00 Bardagasýning
14:30 Bjørke Asgar Bruun fjöllistamaður
15:00 Jerker Fahlström sögumaður
15:00 Tyuara Zhirkova frá Yakutia syngur og spilar á munngígju
15:30 Víkingasveitin
16:00 Bardagasýning
16:30 Jerker Fahlström sögumaður
16:30 Tyuara Zhirkova frá Yakutia syngur og spilar á munngígju
16:30 Bogfimi og axakast
17:00 Bjørke Asgar Bruun fjöllistamaður
17:30 Víkingasveitin
18:30 Tyuara Zhirkova frá Yakutia syngur og spilar á munngígju
19:00 Bardagasýning
20:00 Lokun markaðar
20:00 Víkingaveisla í Fjörugarðinum, Víkingasveitin
21:30 Einar Ágúst trúbador
00:00 Lokun

### Laugardagur 17. júní

13:00 Markaður opnaður
13:00 Mas-wrestling (plankakeflis tog)
13:30 Víkingaskóli barnanna
13:30 Tyuara Zhirkova frá Yakutia syngur og spilar á munngígju
14:00 Bardagasýning
14:00 Víkingasveitin
14:30 Jerker Fahlström sögumaður
14:30 Tyuara Zhirkova frá Yakutia syngur og spilar á munngígju
14:45 Bjørke Asgar Bruun fjöllistamaður
15:00 Mas-wrestling (plankakeflis tog)
15:30 Víkingasveitin
16:00 Bardagasýning
16:30 Bogfimi og axakast
16:30 Mas-wrestling (plankakeflis tog)
17:00 Víkingasveitin
17:30 Jerker Fahlström sögumaður
17:30 Tyuara Zhirkova frá Yakutia syngur og spilar á munngígju
18:00 Bjørke Asgar Bruun fjöllistamaður
19:00 Bardagasýning
20:00 Lokun markaðar
20:00 Víkingaveisla í Fjörugarðinum, Víkingasveitin
21:30 Einar Ágúst trúbador
00:00 Lokun

### Sunnudagur 18. júní

13:00 Markaður opnaður
13:00 Tyuara Zhirkova frá Yakutia syngur og spilar á munngígju
13:00 Kraftakeppni, sterkasti fatlaði maður Íslands og sterkasta valkyrja Íslands. Umsjón Magnús Ver
13:30 Víkingaskóli barnanna
13:30 Víkingasveitin
14:00 Bardagasýning
14:30 Bjørke Asgar Bruun fjöllistamaður
15:00 Kraftakeppni, sterkasti fatlaði maður Íslands og sterkasta valkyrja Íslands. Umsjón Magnús Ver
15:30 Jerker Fahlström sögumaður
15:30 Tyuara Zhirkova frá Yakutia syngur og spilar á munngígju
16:00 Bardagasýning
16:30 Bjørke Asgar Bruun fjöllistamaður
16:30 Bogfimi og axakast
16:30 Víkingasveitin
17:00 Kraftakeppni, sterkasti fatlaði maður Íslands og sterkasta valkyrja Íslands. Umsjón Magnús Ver
17:00 Víkingasveitin
17:30 Jerker Fahlström sögumaður
17:30 Tyuara Zhirkova frá Yakutia syngur og spilar á munngígju
17:45 Bjørke Asgar Bruun fjöllistamaður
18:30 Víkingasveitin
19:00 Bardagasýning
19:30 Lokaathöfn að hætti víkinga
20:00 Lokun markaðar
20:00 Víkingaveisla í Fjörugarðinum, Víkingasveitin
22:00 Loka samkvæmi Víkingahátíðar,
00:00 Hátíðarlok

**Kynnir hátíðarinnar er Víkingur Kristjánsson leikari**

Netsamfélagið verður með beinar útsendingar frá Víkingahátíðini á netsamfelag.is & fjorukrain.is

# Víkingahátíðin er fyrir alla fjölskylduna

Nú líður að því að 22. hátíðin verði sett og að vanda verður hún fjölbreytt. Dágóður hópur erlendra víkinga kemur til okkar, sumir í 22. skipti. Víkingarnir eru sögumenn, götulistamenn, hljómlistamenn, handverksmenn sem meðal annars höggva í steina og tré, berja glóandi járn, leika á munngígju, bardagamenn og bogamenn svo eitthvað sé nefnt. Víkingahópurinn Rimmugýgur og fjöldinn allur af víkingum víðsvegar af landinu hefur boðað komu sína hingað til okkar. Á þriðja hundrað víkingar verða þegar mest lætur og fjölhæfir eru þeir eins og áður var sagt.

Að lokum vil ég þakka þeim sem stutt hafa þetta framtak í gegnum árin en lógóin þeirra má sjá í dagskránni. Þeir hafa ekki brugðist og eru búnir að standa með okkur í gegnum öll árin og verður þeim seint fullþakkað. Það er von mín að þessi hátíð eigi eftir að halda uppi merki víkinga og halda áfram að gleðja þá gesti sem á hátíðina koma

**Gleðilega Víkingahátíð**
*Jóhannes Viðar Bjarnason*

**Nánari upplýsingar er að finna á heimsíðu okkar www.fjorukrain.is**

# Pitsa, loka og baka hjá Evu

## Eva Laufey töfraði fram kræsingar í þættinum Í eldhúsi Evu á Stöð 2 í gær. Á matseðlinum voru spagettípitsa, steikarloka og morgunverðarbaka.

**Í eldhúsi Evu**

Eva Laufey Hermannsdóttir

### Spagettípitsa með mozzarella og basilíku

**Botn:**
**300 g spagettí, soðið**
**2 egg**
**1 dl parmesanostur**
**Salt og pipar**
**Ólífuolía**

Setjið spagettí, egg og nýrifinn parmesanost í skál og blandið vel saman. Kryddið til með salti og pipar. Dreifið spagettíinu á pappírsklædda ofnplötu og bakið í ofni við 200°C í 5 mínútur. Þegar sá tími er liðinn er pitsan tekin út úr ofninum og kæld rétt á meðan sósan og annað meðlæti er undirbúið og svo fer pitsan aftur inn í ofn í smá stund.

**Tómat- og basilíkusósa**

**1 msk. ólífuolía**
**1 hvítlauksrif**
**½ laukur**
**1 hvítlauksrif**
**350 g saxaðir tómatar í dós eða passata**
**1 kjúklingateningur**
**1 msk. smátt söxuð basilíka**
**Salt og pipar**

Hitið olíu á pönnu, saxið niður hvítlauk og lauk og steikið upp úr olíunni í smástund þar til laukurinn er orðinn mjúkur. Bætið söxuðum tómötum út á pönnuna ásamt hálfum kjúklingateningi, saxið niður basilíku og bætið henni saman við. Hrærið vel í sósunni og kryddið til með salti og pipar. Leyfið sósunni að malla í nokkrar mínútur. Smyrjið spagettíbotninn með tómat- og basilíkusósunni.
Skerið niður mozzarellaost og dreifið yfir sósuna, kryddið gjarnan pitsuna með salti og pipar. Bakið í ofni við 200°C í 15 mínútur eða þar til botninn er orðinn gullinbrúnn.
Þegar pitsan er klár er gott að skera niður ferskt kál, til dæmis klettasalat, og dreifa yfir pitsuna ásamt því að rífa niður parmesanost og dreifa yfir. Berið strax fram.


Spagettípitsla með mozzarella og basilíku.


Steikarloka með chili bernaise sósu.

### Steikarloka með chili bernaise sósu

**Baguette-brauð**
**Nautakjöt, má vera hvaða biti sem er (eldaður)**
**Sveppir**
**Laukur**
**Hvítlauksrif**
**Smjör**
**Klettasalat**
**Bernaise sósa – uppskrift til hliðar**

Hitið ofninn í 200°C.
Skerið sveppi og lauk, steikið upp úr smjöri á pönnu þar til laukurinn er orðinn mjúkur í gegn. Geymið til hliðar á meðan þið undirbúið brauðið.
Skerið baguette-brauð í tvennt og hitið í ofni í smástund þar til brauðið er gullinbrúnt. Smyrjið bernaise-sósu á botninn á baguette-brauðinu, leggið salatblöð yfir bernaise-sósuna, skerið niður nautakjöt og leggið ofan á ásamt steiktum sveppum og lauk. Í lokin setjið þið væna skeið eða skeiðar af bernaise-sósunni yfir og leggið lokið á baguette-brauðinu yfir. Berið strax fram og njótið.

> **Þegar pitsan er klár er gott að skera niður ferskt kál, til dæmis klettasalat, og dreifa yfir pitsuna ásamt því að rífa niður parmesanost og dreifa yfir.**

**Chili bernaise sósa**

**5 stk. eggjarauður**
**250 g smjör**
**1 msk. bernaise essence**
**2 tsk. fáfnisgras, smátt saxað (2-3 tsk.)**
**½ rautt chilialdin**
**Salt og nýmalaður pipar**

Þeytið eggjarauður yfir vatnsbaði og bætið smjörinu smám saman við, þetta er svolítil handavinna en er vel þess virði. Ef skálin er of heit takið þið hana úr vatnsbaðinu og kælið en haldið alltaf áfram að hræra. Það er mjög mikilvægt að skálin sé ekki of heit því annars eldast eggjarauðurnar. Saxið niður ferskt fáfnisgras og rautt chilialdin, setjið út í sósuna og bragðbætið einnig með bernaise essence, salti og pipar.







Ljúffeng baka með kartöflum, beikoni og eggjum.

### Morgunverðarbaka með kartöflum og beikoni

**1 msk. ólífuolía**
**¼ blaðlaukur, smátt skorinn**
**150 g kurlað beikon**
**1 rauð paprika, smátt skorin**
**1 hvítlauksrif, marið**
**4 bökunarkartöflur, skornar í teninga**
**Salt og nýmalaður pipar**
**10 kirsuberjatómatar**
**4 – 5 egg fersk**
**Steinselja**
**Parmesanostur**

Hitið ofninn í 180°C. Hitið olíu á pönnu og steikið laukinn við vægan hita þar til laukurinn verður mjúkur. Bætið beikonkurlinu, paprikunni og hvítlauknum út á pönnuna og steikið í nokkrar mínútur. Bætið kartöfluteningum saman við og kryddið með salti og pipar. Setjið blönduna í eldfast mót þegar kartöflurnar eru eldaðar í gegn. Skerið niður kirsuberjatómata og dreifið yfir. Brjótið eggin yfir og bakið við 180°C í um 10 mínútur eða þar til eggin eru fullelduð. Þegar kartöflubakan kemur út úr ofninum er gott að saxa niður ferska steinselju og strá yfir réttinn ásamt því að rífa duglega niður af parmesanosti og dreifa yfir.

# Smáauglýsingar

**512 5000**
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

VAKA



Öruggir Vinnuvéla-Lyftara og Bifreiðaflutningar á verði fyrir þig.

**Vaka**
**Skútuvogi 8, 104 Reykjavík**
**Sími: 567 6700**
**24 tíma þjónusta**
**http://www.vakahf.is**

SUZUKI



EL-GO rafmagnsvespur. Ekkert próf, engin skráning, BARA GAMAN. Vespurnar eru til í fjórum flottum litum. Sama lága verðið 154.900.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

### Bílar til sölu



Þetta er Iveco Daily FBI 75 T, sætafjöldi 19+1+1, sjálfskiptur, mjög vel búinn bíll með flottri innréttingu, DVD og dráttarkrók, ekinn 1.050 km Verð kr. 8.900.000 án vsk. Nánari upplýsingar veitir Sveinn í síma 825 5215 Iveco Bus Iceland

### Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

### Fellihýsi




### Húsbílar



Ford Transit Rimor húsbíll. Nýskr 30.05.2008. Ek. 84þús. Vél 2.2. 5 gíra. Eyðslugrannur. Hraðastillir. Skoðaður 2018. Bakkmyndavél. Nýleg dekk. Svefnpláss fyrir 4. Verð 5.600.000.- Uppl. í s. 855 5231

### Bátar







### Hjólbarðar

VAKA



**NÝJU SAILUN DEKKIN Á FRÁBÆRU VERÐI.**
Einnig úrval notaðra dekkja. Tökum notuð uppí ný. Vaka s. 567 6700

## Þjónusta

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Málarar

**Þakmálun**
Getum bætt við okkur verkefnum. Vönduð vinnubrögð. Fáðu tilboð. Uppl. í s. 847 1628
Litaverk ehf

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Zanna.

### Húsaviðhald

**ÞAKVIÐGERÐIR APS VERKTAKI EHF**
Þaklekar eru því miður alltof algengir í íslenskum húsum. Við tökum að okkur öll verkefni sem snúa að þakviðgerðum. Gsm.841 7601

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

### Til sölu









# Keypt & Selt

## Til sölu



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Stærðir í cm: 200x200, 210x210, 220x220, 235x235, 235x217, 217x174, 8 hyrnd lok. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000 Haffi og 777 2001 Grétar




**BÍLSKÚRSSALA!**
Búslóð til sölu. Antik mublur, borðstofu m/ ljósnlöppum eik, stólar, skápur eik, latdro styttur og m.fl. Opið hús á laugardag og sunnudag kl. 11-17 Hörgslundur 10, 210 Gbr, S. 898 5187

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

# Heilsa

## Nudd




**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

Býð upp á heilnudd og slökun, íþróttanudd. Afslappandi og gott umhverfi. Opið til 22 á kvöldin. S. 894 4817

# Tómstundir & Ferðir

## Fyrir veiðimenn







Barnavöðlur í St. 20-35 7.900 kr, St 36-42, 8.900 kr, 4 litir í boði Belti og poki fylgir hverjum vöðlum Verð 7.900 kr Besta verðið !! Veiðiportið Grandagarði 3 552-9940

# Húsnæði

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 285 - 1.000 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í REYKJAVÍK**
285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Húsnæði óskast

Mæðgur, garðyrkjufræðingur og menntaskólanemi óska eftir snyrtilegri 3-4 herbergja íbúð til langtímaleigu á höfuðborgarsvæðinu eða í Hveragerði og nágrenni. Skilvísar greiðslur og meðmæli ef óskað er. Upplýsingar í síma 867-4174, Silva.




## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR**
á minna en 7 m2. Ódýrt eftir það. S: 564-6500

# Atvinna

## Atvinna í boði

**BÍLSTJÓRI ÓSKAST Í HLUTASTARF**
